



Vanræksla og tilkynningarskylda í grunnskólum

Þorbjörg Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vanræksla og tilkynningarskylda í grunnskólum

Þorbjörg Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsfræði
Leiðbeinandi: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Þorbjörg Jóhannsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Börn eru vanrækt af ólíkum ástæðum en það er eitt af mörgum hlutverkum grunnskólanna að sinna lögbundinni tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda.

Markmið rannsóknarinnar minnar var að kanna vanrækslu barna og hvernig grunnskólarnir standa að tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda og kanna verklag þeirra þegar grunur er um misbrest. Rannsóknarspurningarnar sem liggja til grundvallar eru hvort ákveðið verklag sé til staðar þegar grunur er um misbrest í uppeldi skólabarna, hvernig skólarnir skilgreina vanrækslu og hvort kennarar séu meðvitaðir um tilkynningaskyldu sína.

Rannsóknin var unnin á tímabilinu september 2006 til marsloka 2007. Þetta er eigindleg rannsókn sem byggir á viðtölum við þrjá skólastjórnendur, starfsmann barnaverndarnefndar og starfsmann Barnaverndarstofu. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er talsvert um vanrækslu barna hér á landi og eru tilföllin sem skólarnir tilkynna til barnaverndarnefndar mörg og ólík. Einnig komu fram áhugaverðar vísbendingar sem benda til þess að íbúa- og skólahverfi, ásamt félagslegri stöðu foreldra hafi hugsanlega áhrif á umfang og fjölda tilfella.

Formáli

Þessi rannsókn, sem fjallar um vanrækslu og tilkynningarskyldu grunnskólanna til barnaverndarnefnda, er lokaverkefni í félagsfræði við Háskóla Íslands árið 2011. Vinnan við hana stóð frá árinu 2006 til ársins 2007. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Sambýlismanni mínum Ólafi Andra Stefánssyni og móður minni Guðrúnu Þorbjörgu Einarsdóttur vil ég þakka fyrir yfirlestur og ómetanlegan stuðning á meðan lokaskrifum stóð. Sérstaklega vil ég þakka öllum viðmælendum mínum fyrir að hafa gefið sér tíma til viðræðna og fyrir að hafa veitt mér mikilvægar upplýsingar.

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Barnavernd	8
Löggjöf og skilgreiningar á illri meðferð barna	9
Skilgreiningar- og flokkunarkerfi barnaverndarmála	10
Munurinn á ofbeldi og vanrækslu	11
Áhættuþættir og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu	11
Áhættuþættir foreldra	12
Umhverfispættir	14
Vanræksla	14
Stuðningur, formlegur og óformlegur	14
Barnaverndarnefndir og stuðningsúrræði	14
Tilkynningarskyldan	16
Tilkynningar	16
Könnun mála hjá barnaverndarnefnd	17
Úrræði barnaverndarnefnda	18
Ábyrgð foreldra og forráðamanna	18
Aðferð	19
Markmið rannsóknar og rannsóknarspurningar	19
Rannsóknaraðferð	19
Úrvinnsla og greining	21
Val og kynning á þátttakendum	21
Val á viðmælendum	21
Niðurstöður	22
Tilkynningarskyldan	22
Fjölmiðlar	23
Tilkynningar	23
Vanræksla	24
Barnaverndarnefnd, úrvinnsla tilkynninga	25

Skólinn	26
Skilgreining skólanna á vanrækslu	26
Verklag	28
Fjöldi og eðli tilfella	31
Samstarf skólanna við barnaverndarnefnd	34
Vímuefnaneysla ungmenna	36
Skólahverfið og félagslegar aðstæður	38
Félagsleg úrræði	41
Samantekt	41
Heimildaskrá	44

Inngangur

Í þessu lokaverkefni verður greint frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á meðal þriggja skólastjórnenda, starfsmanni Barnaverndarstofu og starfsmanni barnaverndarnefndar.

Það hefur komið upp í umræðunni öðru hvoru undanfarin ár hversu fáar tilkynningar berast úr grunnskólum til barnaverndaryfirvalda. Sú umræða sem á sér stað um börn og líf þeirra hefur aðallega snúist um kynferðisofbeldi gagnvart þeim. Samkvæmt samtali mínu við starfsmann Barnaverndarstofu eru mörg börn vanrækt í okkar þjóðfélagi og því ættu að berast talsvert fleiri tilkynningar til barnaverndaryfirvalda en tölur sýna. Í þessu samtali kom fram að innan við 10% af heildar tilkynningum til barnaverndarnefnda koma úr skólunum sem vekur sannarlega athygli. Ástæða þess að ég valdi þetta rannsóknarefni var að umræðan í þjóðfélaginu um vanrækslu barna hefur að mínu mati verið lítið áberandi. Hingað til hafa kennarar verið frekar ósýnilegir innan félagslega kerfisins í hlutverki þeirra við umönnun barna (Gilligan, 1998). Þetta sjónarhorn kom vel fram hérlendis þegar skoðuð voru barnaverndarlög sem sett voru á Alþingi árið 2002, þar sem 38 aðilar voru beðnir um umsögn. Félag grunnskólakennara (FG) var ekki beðið um umsögn að lögunum sem vakti upp spurningar um tengsl grunnskólans og barnaverndarstarfsins. Hérlendis hefur ekki mikið verið skrifað um samstarf skóla og barnaverndarnefnda út frá tilkynningaskyldu kennara.

Valdir voru ólíkir skólar þ.e.a.s. með tilliti til staðsetningar, fjölda nemenda og skólahverfis á höfuðborgarsvæðinu. Markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort og hvernig þeir bregðast við til hjálpar börnum sem vanrækt eru af foreldrum eða forráðamönnum. Kannað var hvort einhvers konar stefna eða ferli fer í gang, þegar slík tilfelli koma upp og hvort kennarar og annað starfsfólk skólanna sé meðvitað um tilkynningaskyldunna. Þau atriði sem benda til vanrækslu. Til þess að kanna þessi atriði var farið í skólana og talað við skólastjórnendur.

Barnavernd

Í hugum margra er orðið barnavernd oftast tengt einhverjum erfiðleikum í tengslum við börn og fjölskyldur. Markmiðið með barnavernd er að vernda barnið. Margs konar starfsemi flokkast sem barnavernd og þar á meðal starf barnaverndarnefnda. Barnaverndarnefndir hafa löngum verið umdeildar og margir forðast að hafa einhver samskipti við þær. Oft á tíðum einkennast störf barnaverndarnefnda af togstreitu og andstæðum þar sem hlutverk þeirra er að styðja við fjölskyldur og hins vegar að grípa til aðgerða sem eru gegn vilja foreldra og barna.

Dæmi um stuðning við fjölskyldur er t.d. ráðgjöf um umönnun barna. Hins vegar er svo þegar gripið er inn í forsjá foreldra og barn tekið út af heimili án samþykkis þeirra.

Barnaverndarstarfi er skipt niður í tvo flokka. Sá fyrri einkennist af stuðningi við börn, unglunga og fjölskyldur og sá síðari að vernda börn gegn hættum af tilfinningalegum, líkamlegum eða öðrum toga. Samkvæmt lögum á barnaverndarstarf að veita stuðning af ýmsu tagi við foreldra sem eiga erfitt með að sinna foreldraskyldum sínum á viðunandi hátt. Ef sá stuðningur skilar ekki viðunandi árangri er gripið til annarra úrræða sem geta leitt til þvingunaraðgerða af hálfu barnaverndaryfirvalda. Þær aðgerðir krefjast ekki samþykkis foreldra/forráðamanna eða barna. Í þeim tilfellum finnst foreldrum oft á tíðum þeir vera tilneyddir til að samþykkja stuðning barnaverndarnefnda því annars eigi þeir á hættu að missa forræði yfir börnum sínum eða jafnvel börnin fjarlægð af heimilum sínum. Ljóst þykir að starfsmönnum er oft vandi á höndum, þar sem þessi mál eru vandmeðfarin og fela yfirleitt í sér mikil afskipti af einkamálum fólks (Barnaverndarmál, 2004).

Hlutverk Barnaverndarstofu er að fara með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins og vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs. Þar að auki sér Barnaverndarstofa um allt eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, afgreiðslu kæra og kvartana vegna starfa þeirra og innheimtu ársskýrslna barnaverndarnefnda. Hún veitir barnaverndarnefndum einnig ráðgjöf við úrlausn mála og fræðslu um barna- og fjölskylduvernd. Hlutverk hennar er einnig að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og fagfólks t.d. með ráðstefnum, fyrirlestrum, námskeiðum o.fl. Eitt af mörgum hlutverkum Barnaverndarstofu er að aðstoða barnaverndarnefndir við að finna hæfa fósturforeldra, sinna rannsóknar- og þróunarhlutverki á sviði barnaverndar ásamt því að sinna erlendum samstarfsverkefnum og afla þekkingar að utan á því sviði (Barnaverndarstofa, 2005).

Löggjöf og skilgreiningar á illri meðferð barna

Í hinum vestræna heimi búa mörg börn við slæmar aðstæður. Þessi vitneskja hefur þó ekki verið almenn nema í nokkra áratugi. Upphafið er gjarnan rakið til útgáfu greinarinnar *The Battered Child Syndrome* árið 1962. Í greininni skýrðu höfundar frá því hvað teldist slæm meðferð á börnum og frá því sem lækningar og félagsráðgjafar yrðu vitni að við störf sín (Kempe, Silverman, Steele, Drogmüller, Silver, 1962). Ein helsta ástæðan fyrir því hversu lítið var fjallað um óviðunandi uppeldiskilyrði fyrr var ekki einungis sú að almenningur og löggjafarvaldið hefðu ekki vitneskju um vandann, heldur voru gildin í vestrænum

samfélögum önnur en nú eru viðurkennd. Réttur foreldra til að beita börn sín hörðum aga og líkamlegum refsingum var viðurkenndur og uppeldisaðferðirnar álitnar einkamál hvers og eins (Wolfe, 1991).

Á Íslandi er nú réttur barna viðurkenndur og skráður í lög. Markmið barnverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við (Barnaverndarlög nr. 80/2002, 2 gr.) Í lögnum kemur fram að eftirlit skuli haft með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna (Barnaverndarlög nr. 80/2002, 12 gr.) Jafnframt kemur fram í þessum lögum að Barnaverndarnefnd sé skylt að aðstoða foreldra við að gegna skyldum sínum sem foreldrar og að jafnaði skuli gæta þess að almenn stuðningsúrræði séu reynd áður en gripið sé til þvingunarúrræða. Með þessu skal Barnaverndarnefnd eftir fremsta megni stuðla að því að halda fjölskyldum saman og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu.

Skilgreiningar- og flokkunarkerfi barnaverndarmála

Í kringum sjöunda áratug síðustu aldar var farið að fjalla um ofbeldi á börnum og var í fyrstu talið að rekja mætti það til geðraskana hjá foreldrum. Hér eftir verður vanræksla og ofbeldi nefnt misbrestur sem lýsir öllum gerðum vanrækslu og ofbeldis gagnvart börnum. Þegar farið var að rannsaka misbrest kom í ljós að lítill hluti foreldranna voru skilgreindir með geðveikiseinkenni (Hrefna Ólafsdóttir, 1994). Á svipuðum tíma komu upp hugmyndir um að börnin sjálf hefðu mikið með þetta að gera, að það væru vissir eiginleikar hjá þeim sem gætu aukið líkurnar á að þau yrðu fyrir misbresti í uppeldi sínu. Jafnframt var fjallað um að samvirkni væri á milli foreldra og barna þar sem „auðveld“ börn ýttu undir jákvæð viðbrögð frá umhverfi sínu á meðan „erfið“ börn fengju oft neikvæð viðbrögð (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005). Á seinni árum hefur færst í aukana að skoða og fjalla um að slæm félagsleg staða fólks væri tengd misbresti í uppeldi (Hrefna Ólafsdóttir, 1994; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005).

Samkvæmt skilgreiningu felur misbrestur í uppeldi barna í sér ófullnægjandi eða niðurbriótandi og vítaverða uppeldishætti (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2003). Misbrestur á uppeldi barna er yfirleitt viðvarandi ástand, fremur en einstakur atburður. Hér á landi eins og á Norðurlöndunum er almennt talað um tvo meginflokka misbrests. Í öðrum flokknunum er barn þolandi en í hinum er barn gerandi. Hvor flokkur fyrir sig skiptist svo niður í nokkra undirflokka. Sá flokkur þar sem barn er þolandi, og um misbrest í umönnun og

uppeldisskilyrðum þess er að ræða, skiptist einnig í tvo megin flokka sem eru ofbeldi og vanræksla (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2003). Þetta skilgreiningar- og flokkunarkerfi er byggt eftir bandarískri fyrirmynd og er misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum skipt niður í tvo flokka, vanrækslu og ofbeldi. Vanrækslu er skipt í þrjá flokka, líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit og tilfinningalega/sálræna/hugræna vanrækslu. Ofbeldi er einnig skipt niður í þrjá flokka, tilfinningalegt/sálrænt/hugrænt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi.

Munurinn á ofbeldi og vanrækslu

Með ofbeldi er almennt vísað til athafna sem geta valdið barni skaða og ekki gert fyrir slysn. Margar skilgreiningar á ofbeldi eru til og ein þeirra er sú að barn sé beitt ofbeldi þegar aðili sem barnið þarf að treysta á misbýður barninu þannig að það getur ekki treyst á vernd frá viðkomandi (Hrefna Ólafsdóttir, 1994). Ofbeldi hefur einnig verið skilgreint sem athöfn sem getur valdið öðrum skaða og hefur það að markmiði að meiða aðra manneskju. Stundum hefur ofbeldi engan annan tilgang en að sá sem beitir því fái útrás fyrir reiði sína (Miller-Perrin og Perrin, 1999). Víðasta skilgreining á líkamlegum áverkum sem börn hljóta vegna ofbeldis verka foreldra sinna er sú að það séu allir þeir áverkar sem barn hlýtur og eru augljóslega ekki vegna slyss eða átaka við jafnaldra þeirra (Hrefna Ólafsdóttir, 1994). Ofbeldi hefur verið flokkað í líkamlegt-, andlegt- og kynferðislegt ofbeldi en stundum getur þó verið erfitt að greina á milli þessara flokka því þeir geta skarast. Barn sem verður fyrir líkamlegu ofbeldi getur t.d. einnig upplifað andlegt ofbeldi (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004).

Vanræksla á sér stað þegar börnum er ekki sinnt á þann hátt sem talinn er eðlilegur og þau búa ekki í öruggu umhverfi. Það er vanræksla þegar börn fá ekki grundvallarþarfir sínar uppfylltar eins og ástúð og stuðning, eftirlit, nægan mat, fatnað við hæfi, húsnæði, heilsugæslu og menntun (Dubowitz, 2000). Annað dæmi um vanrækslu er þegar barn fær ekki lyf sem það þarf á að halda og/eða lyfjanna er ekki gætt, þannig að tryggja megir að barnið fari sér ekki að voða. Vanræksla og ofbeldi koma oft fyrir saman, t.d. er talið algengt að börn sem eru vanrækt verði einnig fyrir líkamlegu- og andlegu ofbeldi (Kay, 1999).

Áhættuþættir og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu

Það er mikilvægt að skoða þá áhættuþætti sem tengjast ofbeldi og vanrækslu til þess að skilja betur undir hvaða kringumstæðum misbrestur kemur fram. Áhættuþáttunum er hægt að skipta

í fjóra flokka, einstaklingsþætti sem tengjast bæði foreldrum og börnum, fjölskylduþætti, samfélagsþætti og menningarþætti (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005). Einstaklingsþættir eiga við um einstaklinga innan fjölskyldu sem geta átt við ýmis konar erfiðleika að stríða. Fjölskylduþættir vísa til fjölskyldugerðar s.s stærð og aldursmunur barna (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005). Til dæmis er misbrestur í uppeldi barna talin líklegri hjá einstæðum foreldrum en í öðrum fjölskyldugerðum. Samfélagsþættir eiga við um börn sem lifa við fátækt og streitu vegna hennar, og menningarþættir eiga við um hugmyndir og hegðun þeirra sem búa á viðkomandi svæði þ.e. menning getur verið mjög ólík eftir löndum og landshlutum. Samkvæmt Darwish, Esquivel, Houtz og Alfonso (2001) eru börn sem alast upp við misbrest oft alin upp við skipulagslaust heimilishald og hafa lítinn félagslegan stuðning utan fjölskyldu sinnar (Darwish o.fl., 2001). Fyrirburar, erfiðleikar við fæðingu, líkamlegri og andlegri fötlun, þroskafrávik og ungur aldur barna eru taldir til áhættuþátta. (Miller-Perrin og Perrin, 1999; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005).

Helstu afleiðingar ofbeldis og vanrækslu eru innhverf vandkvæði eins og kvíði og þunglyndi og úthverf vandkvæði eins og árásarhneigð og afbrot. Talið er algengara að stúlkur hafi innhverf vandkvæði en drengir úthverf. Samkvæmt Gollnick og Chinn (2002) getur ofbeldi haft varanleg áhrif og skilið eftir sig sár og áhrif varað fram á fullorðinsár. Það andlega álag sem ofbeldinu fylgir getur valdið meiri vanlíðan en sársaukinn sjálfur (Thelma L. Tómasson og Guðrún Kristjánsdóttir, 1993). Misbrestur í uppeldi barna getur haft þær afleiðingar að þau eiga erfitt með að tengjast jafnöldrum sínum (Darwish o.fl., 2001; Hildyard og Wolfe, 2002). Einnig er talið að misbrestur í uppeldi geti haft langtímaáhrif á vitsmunalega getu barna og þar með mikla hættu á að þau eigi við persónuleikatrufnanir á yngri fullorðinsárum (Hildyard og Wolfe, 2002). Hildyard og Wolfe (2002) telja að einstaklingar sem hafa orðið fyrir misbresti í uppeldi sínu séu fjórum sinnum líklegri til að verða greindir með persónuleikatrufnanir en þeir einstaklingar sem eiga sér ekki sögu um ofbeldi. Börn sem hafa orðið fyrir misbresti sýna úthverf vandamál og önnur innhverf og enn önnur verða fullkomnunarsinnar til að sýna hvers virði þau eru (Gollnick og Chinn, 2002). Kolko (2000) telur að mörg börn sem hafa orðið fyrir misbresti í uppeldi sínu séu árásgjörn og búi yfir ofbeldisfullri hegðun og öðrum hegðunarvandamálum sem geti leitt þau út í afbrot og aðra glæpsamlega hegðun.

Áhættuþættir foreldra

Margar ástæður liggja að baki því, hvers vegna foreldrar beita börn sín ofbeldi. Ein þeirra er talin vera sú að þeir urðu sjálfir fyrir því í bernsku (Bellis o.fl., 2001; Gollnick og Chinn,

2002). Í rannsókn Freydsísar J. Freysteinsdóttur (2005) kemur fram að meiri líkur séu á að foreldrar beiti börn sín ofbeldi eða vanrækslu ef þeir sjálfir hafa orðið fyrir misbresti í uppeldi sínu. Talið er að börn allt niður í tveggja ára aldur komi fram við sín yngri systkini á svipaðan hátt og mæðurnar hafa gert við þau. Meirihluti þeirra sem hafa verið beitt ofbeldi í uppeldi, beita sín börn ekki ofbeldi. Rannsóknir benda til þess að um 30% þeirra barna sem eru beitt ofbeldi komi til með að endurtaka það á sínum börnum (Miller-Perrin og Perrin, 1999). Jafnframt er talið að þær konur sem urðu fyrir ofbeldi sem börn en beita börn sín ekki ofbeldi, hafi fengið einhverskonar andlegan stuðning frá öðrum fullorðnum einstaklingi sem ekki beitti þær ofbeldi (Miller-Perrin og Perrin, 1999). Talið er að rúm 60% þeirra sem beita börn vanrækslu eða ofbeldi séu konur (DiLauro, 2004). Miller-Perrin og Perrin (1999) telja að meiri líkur séu á því að barn verði fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi móður en föður þar sem mæður eyða oft meiri tíma með börnum sínum en feður þeirra. Á þetta sérstaklega við þegar um kynforeldra er að ræða. Hins vegar þegar um stjúpfjölskyldur er að ræða, snýst dæmið við og eru þá stjúpfeður gerendur í meirihluta (Miller-Perrin og Perrin, 1999).

Geðrænir erfiðleikar eins og þunglyndi, áfallastreituröskun, félagsfælni og geðklofi eru taldir tengjast vanrækslu á börnum og áfengis- og vímuefnanotkun foreldra er talin tengjast misbresti í uppeldi (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005). Samkvæmt rannsókn Bellis o.fl., (2001) er algengt að þær mæður sem beita börn sín ofbeldi eða vanrækja þau, þiggi aðstoð frá félagsþjónustu og þær eigi yfirleitt við kvíðaraskanir að stríða. Þunglyndi er talið mikilvægur áhættuþáttur hvað varðar misbrest í uppeldi og eru þunglyndar mæður frekar pirraðar, fjarrænar og hafa síður þolinmæði gagnvart börnum sínum en þær mæður sem ekki stríða við þunglyndi (DiLauro, 2004).

Umhverfisþættir

Í öllum stéttum þjóðfélagsins á misbrestur í uppeldi barna sér stað. Hins vegar benda rannsóknir til þess að líkamlegt og andlegt ofbeldi á börnum sé algengara meðal fjölskyldna með bágan efnahag (DiLauro, 2004; Miller-Perrin og Perrin, 1999; Sedlak, 1997) og lítinn félagslegan stuðning (Hartley, 2002; Miller-Perrin og Perrin, 1999). Líkamlegar refsingar og valdbeiting í uppeldi eru algengari meðal fjölskyldna í lægri stéttum þjóðfélagsins (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005). Samkvæmt Miller-Perrin og Perrin (1999) þá virðist sem bágur efnahagur haldist í hendur við alvarlegt líkamlegt ofbeldi og eins ofbeldið sé alvarlegra hjá einstaklingum sem eru með tekjur undir fátæktarmörkum. Jafnframt eru börn einstæðra foreldra talin vera í meiri hættu á að verða fyrir líkamlegu ofbeldi en þau börn sem búa með báðum foreldrum sínum.

Vanræksla

Eitt algengasta form misbrests í uppeldi er vanræksla (Hildyard og Wolfe, 2002). Oft getur reynst erfitt að greina vanrækslu en hún getur orðið sýnileg vegna vannæringar, lítils hreinlætis og þegar klæðnaður barna er ekki í samræmi við aðstæður hverju sinni. Hildyard og Wolfe (2002) telja að vanrækt börn séu líklegri til að skaðast alvarlega, heldur en börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi. Það á sérstaklega við hvað varðar vitsmunalega getu og erfiðleika varðandi nám. Þau öðlast síður viðurkenningu jafnaldra sinna og eru líklegri til að verða félagslega einangruð og glíma við innhverf vandamál.

Stuðningur, formlegur og óformlegur

Lítill félagslegur stuðningur virðist tengjast öllum tegundum misbrests í uppeldi. Það er ekki nóg að vera boðin stuðningur, einstaklingur þarf að geta sótt hann og hafa áhuga á að fá hann. Margar fjölskyldur sem beita börn sín ofbeldi eða vanrækslu vilja ekki notfæra sér þann stuðning sem býðst. Félagslegan stuðning má flokka í óformlegan og formlegan stuðning. Óformlegur stuðningur eins og til dæmis af hálfu maka, vina, ættingja og nágretta getur dregið úr þunglyndi, streitu og kvíða hjá barnshafandi móður. Þær mæður sem fá góðan óformlegan stuðning eru taldar verða næmari fyrir þörfum barna sinna og eru taldar líklegri til að hafa myndað örugg tilfinningatengsl við þau. Það skiptir máli hvernig einstaklingar upplifa stuðninginn því ef foreldrar eru ekki ánægðir með þann stuðning sem þeir fá frá vinum og skyldmönnum eru þeir líklegri til að verða óánægðir með uppeldishlutverk sitt, sem leiðir til lakari umönnunnar. Formlegur stuðningur við foreldra er einnig mjög mikilvægur og getur dregið úr áhættuþáttum misbrests í uppeldi. Formlegur stuðningur getur til dæmis verið öruggar tekjur, heilbrigðisþjónusta, fæðingarorlof, meðlag, barnabætur, húsnæðisbætur, dagvistun barna og aðgangur að menntunarmöguleikum (Freysdís J. Freysteinsdóttir, 2005).

Barnaverndarnefndir og stuðningsúrræði

Á Vesturlöndum hafa uppvaxtarskilyrði barna breyst töluvert með aukinni velmegun, bættri menntun og heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir það er ekki hægt að horfa fram hjá því að lífsskilyrði barna eru misjöfn. Mörg börn búa við bágar aðstæður þar sem heilbrigði þeirra og félagslegu öryggi er ógnað. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að veita börnum vernd með aðstoð samfélagsins. Það á bæði við þegar börnin sjálf ógna eigin velferð með athöfnum sínum og eins þegar foreldrar bregðast umönnunarhlutverki sínu (Barnaverndarstofa, 2000). Á Íslandi framfylgja barnaverndarlög þessari skyldu en hlutverk þeirra er að ganga úr skugga

um að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða eru talin stofna eigin þroska og heilsu í hættu, fái þá aðstoð sem þau þurfa. (Barnaverndarlög, 2002). Á vegum sveitarfélaga eru barnaverndarnefndir sem veita þessa aðstoð en þær eru staðsettar út um allt land. Reykjavík er frábrugðin öðrum sveitarfélögum hvað stærð varðar og sökum þess er sérstök skrifstofa starfandi fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur (Fjölskylduvefur, e.d.).

Samkvæmt barnaverndarlögum (2002) ríkir tilkynningarskylda á Íslandi sem felur í sér að sérhverjum borgara er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar gruni hann að barn búi við óviðunandi aðstæður, verði fyrir ofbeldi eða áreiti eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Tilkynning um ofangreint þarf að berast barnaverndarnefnd því án slíkrar tilkynningar getur hún ekki hafist handa við að aðstoða barn og fjölskyldu þess. Ef tilkynning leiðir í ljós að þörf sé á könnun ber barnaverndarnefnd samkvæmt Barnaverndarlögum (2002) að segja foreldrum barnsins frá því áður en aðstoðin hefst. Í þeirri aðstoð felst meðal annars að útvega barni stuðning, persónulegan ráðgjafa, leiðbeina foreldrum, ráðstafa barni í fóstur og vista það á heimili eða stofnun (Fjölskylduvefur, e.d.). Í Barnaverndarlögum (2002) er greint frá að samþykki foreldra sé æskilegt og að mikilvægt sé að aðstoðin sé í samvinnu við foreldra og barn sem náð hefur 15 ára aldri. Ef ekki næst samkomulag við foreldra eða barn getur barnverndarnefnd samkvæmt Barnaverndarlögum (2002) þurft að taka ákvörðun um stuðning við barn á samþykkis foreldra. Dæmi um slíka ákvörðun er að barn fari á fósturheimili, verði áfram í tímabundnu fóstri, eða annars konar vistun utan heimilis. Vistun án samþykkis foreldra getur samkvæmt Barnaverndarlögum (2002) aðeins staðið yfir í tvo mánuði nema úrskurður dómstóla um lengri dvöl fái st. Ef mat barnaverndarnefndar bendir til þess að foreldrar séu óhæfir með öllu í uppeldishlutverki sínu getur hún samkvæmt Barnaverndarlögum (2002) krafist þess fyrir dómstólum að foreldrar skuli sviptir forræði. Ef til forsjársviptingar kemur getur barni verið ráðstafað í varanlegt fóstur (Fjölskylduvefur, e.d.). Í Barnaverndarlögum (2002) kemur fram að ávallt er reynt að notast við vægustu úrræðin til að ná settum markmiðum í barnaverndarmálum áður en þvingunarúrræðum er beitt. Í sömu lögum kemur einnig fram að barnaverndarnefndum ber að beita þeim úrræðum sem best eiga við hverju sinni svo hagsmunir og velferð barna séu sem best tryggð. Sú aðstoð felst einna helst í að leiðbeina börnum og foreldrum í sínu daglega amstri og reyna að brjóta upp óæskilegt fjölskyldumynstur.

Tilkynningarskyldan

Í Barnaverndarlögum er sérstaklega fjallað um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum. Í 17. grein kemur fram að „*Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur*

afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart". Sérstaklega eru nefndar fagstéttir sem koma nálægt börnum á einhvern hátt s.s. kennarar, skólastjórnendur, leikskólakennarar, dagmæður, læknar, hjúkrunarfræðingar ásamt fleirum. Þeim er skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið. Tilkynna þarf til barnaverndarnefndar ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er hér að ofan (Barnaverndarlög, 2002). Samkvæmt barnaverndarlögum getur sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar farið fram á nafnleynd gagnvart öðrum en nefndinni (Barnaverndarstofa, 2006).

Í skýrslu sem var gerð á vegum Félagsþjónustunnar í Reykjavík um skilgreiningu á hugtakinu barnaverndarmál var gerður samanburður á fjölda tilkynninga vegna barnaverndamála á Norðurlöndum. Þá kom í ljós að flestar tilkynningar berast barnaverndarnefndum á Íslandi og Svíþjóð. Í þessum löndum er hún lögbundin og nær bæði til fagstétta og almennings (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Í norrænni samanburðarrannsókn frá 2004, þar sem skoðuð var beiting úrræða í barnaverndarmálum, kom fram að ímynd barnaverndarnefndar væri oft neikvæð hjá fagfólki. Þetta var talið hafa gert það að verkum að tilkynningar bárust seint eða jafnvel alls ekki. Enn fremur kom fram að stærð vinnustaðarins virtist skipta máli í rannsókninni og þar sem hann var minnstur virtist auðveldara að hafa yfirsýn með öllu starfinu og þjónusta barnaverndarnefndar væri vel kynnt, almenn vitneskja væri góð og hún hefði ekki slæmt orð á sér (Anni G. Haugen, 2004).

Tilkynningar

Samkvæmt 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn vanrækslu, líkamlegu og andlegu ofbeldi (Samningur S.Þ. um réttindi barnsins 1992).

Markmið barnaverndarnefndar er meðal annars að styrkja og styðja forsjáraðila svo hægt sé að tryggja betri líðan og aðbúnað barns (Barnaverndarlög, 2002). Eftir að tilkynning berst eða starfsmenn barnaverndarnefndar fá vitneskju um illa statt barn, tekur nefndin ákvörðun um hvort eigi að hefja könnun á málinu. Ef rökstuddur grunur er fyrir misbresti í uppeldi barns hefst könnun á málinu. Forráðamönnum barns er gert viðvart og þá hefst vinna barnaverndarnefndar við að veita barninu og fjölskyldu þess aðstoð. Í henni felst meðal annars það að leiðbeina foreldrum og útvega barninu stuðning (Barnaverndarstofa, 2006).

Samkvæmt könnun Dagnýjar Kristinsdóttur (2006), þá kemur það fram hjá mörgum kennurum að þeir töldu ekki nægar sannanir fyrir hendi þegar þeir höfðu grun um óviðunandi aðbúnað nemenda sinna og ákváðu að aðhafast ekkert. Tvær starfsstéttir sem annast börn hafa á síðustu árum fengið ámæli fyrir það að sinna ekki tilkynningarskyldunni. Það eru annars vegar kennarar og hins vegar heilbrigðisstéttir. Á síðum Morgunblaðsins á undanförunum árum hefur nokkrum sinnum verið fjallað um að fleiri tilvik komi hugsanlega inn á borð heilbrigðisstétta en tilkynnt eru. Landlæknir segir í frétt frá, 10. febrúar 2003, að hugsanlega gæti ástæðan verið sú að heilbrigðisstarfsmenn telji sig bundna þagnarskyldu en samkvæmt lögum eru þeir það ekki í barnaverndarmálum. Gestur Pálsson barnalæknir sagði í viðtali við Morgunblaðið árið 2002 að hann teldi ofbeldi gegn börnum vangreint hérlendis. Þá bendir hann á að vakning verði að vera um að ofbeldi sé hluti af íslenskum veruleika og því verði læknar og hjúkrunarfólk alltaf að hafa þann möguleika í huga þegar börn eru skoðuð.

Könnun mála hjá barnaverndarnefnd

Ef barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska sé hættu búin vegna vanrækslu eða vanhæfni foreldra, framferðis eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Markmið nefndarinnar er að afla ýtarlegra upplýsinga um hagi barnsins og þar af leiðandi er leitað eftir aðstoð sérfræðinga. Foreldrum og/eða forráðamönnum barns er skylt að vinna með nefndinni svo að könnun máls geti farið greiðlega fram.

Ástæður þess að grípa getur þurft til úrræða geta verið misjafnar þar sem vandi hvers barns er oft á tíðum margþættur. Fyrst og fremst er það vanræksla í einhverri mynd eða ofbeldi sem barn hefur verið beitt af hálfu foreldra. Önnur ástæða þess að gripið er til úrræða er fólgin í háttsemi barnsins sjálfs, vegna afbrota og/eða ofbeldis sem það hefur beitt aðra og vegna vímuefnaneyslu. Flokkun sú sem barnaverndarnefnd styðst við til þess að varpa ljósi á eðli mála felst í því að greina á milli háttsemi forsjáraðila, þar sem barn er þolandi annars vegar og háttsemi barnanna sjálfra (Barnaverndarstofa, 2006).

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef könnun hefur sýnt fram á að aðbúnaður, umönnun eða uppeldi barns er ábótavant vegna vanhæfni, vanrækslu eða framferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni (Barnaverndarstofa, 2006).

Úrræði barnaverndarnefnda

Þegar könnun máls hefur leitt í ljós að grípa þurfi til aðgerða af hálfu barnaverndarnefndar skal nefndin leitast við að veita aðstoð í samvinnu við foreldra og barn eftir atvikum. Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda eru margvísleg við börn og fjölskyldur þeirra og frekar algengt að fleiri en einu úrræði sé beitt. Stuðningsúrræðin geta falist í aðstoð inn á heimili eða aðstoð utan heimilis. Dæmi um aðstoð inni á heimili eru að barni og foreldrum sé leiðbeint, fenginn sé tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda, foreldrar aðstoðaðir við að leita sér meðferðar, barni útvegaður stuðningur t.d. sumardvöl (Barnaverndarstofa, 2006).

Aðstoð utan heimilis getur falist í vistheimili, sambýli, einkaheimili, langtímameðferðarheimili, tímabundið fósturheimili, varanlegt fósturheimili og styrktu fósturheimili (Barnaverndarstofa, 2006).

Ábyrgð foreldra og forráðamanna

Ekki eru allir foreldrar hlutverki sínu vaxnir og getur það stafað af ýmsum ástæðum t.d. veikindum eða óreglu svo fátt eitt sé nefnt. Oft þurfa yfirvöld að grípa inn í þegar málum er þannig háttað og hafa íslensk yfirvöld skuldbundið sig til þess að vernda börn og hag þeirra og skýra frá ábyrgð foreldranna og forráðamanna. Þetta gerðu íslensk stjórnvöld með því að samþykkja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var staðfestur í nóvember árið 1992 (Samningur S.Þ. um réttindi barnsins 1992). Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er því lýst yfir að það beri að vernda og aðstoða börn. Einnig að barn skuli alast upp innan fjölskyldu við ást, hamingju og skilning, þannig að persónuleiki þess geti mótast á jákvæðan og heilsteypnan hátt. Þess hefur verið getið í ýmsum alþjóðasamningum, yfirlýsingum, samþykktum og alþjóðastofnunum að barni skuli veitt sérstök vernd. Með þessu er verið að segja að barn þarfnast verndar og umönnunar því það hafi ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska og viðeigandi lögvernd skuli ná til 18 ára aldurs. Með þessum samningi skuldbinda aðildarríkin sig til að vernda börn, réttindi þeirra og aðstoða foreldra og forráðamenn við að rækta skyldur sínar gagnvart börnum (Samningur S.Þ. um réttindi barnsins 1992).

Samkvæmt 10. gr. siðareglna kennara ber þeim að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi (Kennarasamband Íslands, sótt 2006). Eins og áður hefur komið fram er það skylda hvers og eins sem vinnur með börnum að vera opin fyrir þeim möguleika að einhver börn verða fyrir vanrækslu og/eða

misnotkun. Það er því hlutverk þessa fólks að tilkynna allar slíkar grunsemdir til barnaverndarnefnda. Til þess að geta brugðist við á viðeigandi hátt í aðstæðum sem þessum þarf viðkomandi að hafa þekkingu á bæði tilkynningarskyldunni sem hvílir á honum og hættumerkjunum (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Aðferð

Í þessum hluta verður fjallað um þá aðferðafræði sem beitt var við rannsóknina ásamt meginmarkmiði og rannsóknarspurningu. Fjallað verður um gagnaöflun, úrvinnslu gagna og viðmælendur.

Markmið rannsóknar og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar er að kanna vanrækslu barna í tengslum við tilkynningarskyldu grunnskólanna til barnaverndarnefnda og verklag þeirra þegar grunur er um misbrest. Leitað var eftir þematengdum vísbendingum sem gefa innsýn í félagslegan veruleika grunnskólabarna á Íslandi.

Þátttakendur rannsóknarinnar eru þrír skólastjórnendur á höfuðborgarsvæðinu og starfsmaður Barnaverndarstofu og starfsmaður barnaverndarnefndar. Í forgrunni voru skólarnir þar sem rannsóknin byggist á því að kanna verklag og tilkynningarskyldu þeirra. Til hliðsjónar voru höfð viðhorf og reynsla starfsmanna Barnaverndarstofu og starfsmanns barnaverndarnefndar.

Til þess að framfylgja markmiðum rannsóknarinnar var unnið eftir eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvort ákveðið verklag sé til staðar þegar grunur er um vanrækslu í uppeldi skólabarna?
2. Hvernig skilgreina skólarnir vanrækslu?
3. Hvort kennarar og annað starfsfólk grunnskólanna séu meðvitaðir um tilkynningarskyldu sína?

Rannsóknaraðferð

Sú rannsóknaraðferð sem hér er notuð er eigindleg aðferðafræði. Með aðferðinni er markmiðið að reyna að skilja veröldina eins og viðmælendur skynja hana (Esterberg, 2002; Taylor & Bogdan, 1998). Samkvæmt Babbie (2001) byggir eigindleg aðferðafræði á lýsandi

rannsóknargögnum og afrituðum viðtölum. Þetta eru lýsingar á fyrirbærum án notkunar talna þar sem reynt er að finna sjónarhorn á félagslegan veruleika. Áhersla er lögð á að setja sig inn í hugarheim viðmælenda og umhverfi þeirra þar sem reynt er að skilja uppplifun fólks á veruleikanum. Blumer (1969) bendir á að æskilegt er að leggja frá sér eigin sjónarmið á viðfangsefninu og temja sér hlutleysi við rannsóknarvinnuna. Samkvæmt Bryman (2004) er hægt að draga fram innra réttmæti með túlkunarfræði og benda á tengsl. Staðsetning sjónarhorns hér er því í gegnum túlkunarfræði og fyrirbærafræði.

Viðtölin eru formleg hálfstöðluð viðtöl sem einnig eru kölluð hálfopin viðtöl (e. semi structural interviews.) Formleg viðtöl eru þegar aðilar mæla sér mót og umræðuefnið er ákveðið fyrirfram (Esterberg, 2002; Taylor og Bogdan 1998). Í opnum viðtölum er ekki stuðst við staðlaða spurningalista heldur fær viðmælandinn að nota sín eigin orð til að tjá sig, með því móti verða samskipti rannsakanda og viðmælanda flæðandi og eðlileg (Esterberg, 2002).

Samkvæmt Esterberg (2002) eru óstöðluð og stöðluð viðtöl góð rannsóknartækni þegar leitað er eftir hvað fólk hugsar eða hvaða tilfinningu það hefur fyrir einhverju ákveðnu viðfangsefni. Rannsakandi sameinar oft tæknina með stöðluðum og óstöðluðum viðtölum. Í þessari rannsókn voru framkvæmd hálfstöðluð viðtöl við greiningu viðtala. Hvor tegund rannsóknargagna hafa styrkleika og veikleika og vega hvor önnur upp í rannsóknarferlinu.

Opin viðtöl skapa innsýn í hugsanir og tilfinningar fólks en athafnir og hegðun fólks er ekki alltaf sú sama og viðmælendur segja í orðum. Viðtölin geta sagt frá félagslegum hugmyndum fyrir hegðun þess en textinn getur ekki sagt rannsakanda frá viðbrögðum viðmælanda. Með viðtölum er hægt að öðlast innsýn í tilfinningar fólks (Esterberg, 2002).

Esterberg (2002) telur að kóðun í eigindlegum rannsóknum fyrsta skrefið til að fá tilfinningu fyrir gögnunum og ná fram skilningi á þeim. Markmið með kóðun er að flokka gögnin svo hægt sé að vinna með þau. Kóðun skiptist í tvö skref, hið fyrra nefnist opin kóðun þar sem rannsakandinn leitar að þemu eða ákveðnum hugtökum. Seinna skrefið er markviss kóðun þar sem rannsakandinn leitar allstaðar að sömu þemu. Gögnin eru svo vandlega lesin yfir og einblínt á þau þemu sem finnast í fyrra skrefinu. Þannig má finna undirþemu í gögnunum.

Rannsóknin hófst í byrjun september 2006 og varði til marsloka 2007. Í upphafi var gerð rannsóknaráætlun og lagður grunnur að rannsóknarspurningum. Gagnaöflun fór fram með fimm opnum viðtölum eða einu við hvern þátttakanda. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir þátttakendur voru að hluta til fyrirfram ákveðnar. Farið var af stað með spurningar sem síðan þróuðust um leið viðtölin áttu sér stað, í samræmi við svör viðmælanda. Viðtölin voru

um 40-70 mínútur hvert og tekin upp á segulband með leyfi viðmælenda og afrituð orðrétt. Þau rannsóknargögn sem aflað var með ofangreindum hætti voru 380 blaðsíður.

Úrvinnsla og greining

Viðtölin voru afrituð af hljóðsnældu eftir að þau voru tekin og hlustað var ítarlega eftir tilfinningalegum blæbrigðum í tali svo sem hækkun málróms og áherslu á orð. Við afritun var skráð niður athugasemdir og hugleiðingar sem komu við hlustun. Eftir hlustun og afritun hvers viðtals, var farið yfir þau og bætt við og lengt í athugasemdum til að aðgreina gögnin betur. Gögnin voru marglesin yfir og og síðan var framkvæmd kóðun, en kóðun felst í því að sökkva sér alveg í gögnin og rýna ofan í það sem skiptir máli. Næst var framkvæmd opin kóðun sem felst í því að merkja við allt sem rannsakandi vill að komi fram og síðan eru valin þemu út frá því. Að lokum var framkvæmd lokuð kóðun eða markviss kóðun en hún felst í því að finna út helstu þemu (Esterberg, 2002).

Eftir tvö fyrstu viðtölin fóru að birtast þemu sem hægt var að safna saman og flokka betur niður. Undirþemu komu fram og greiningaferlið varð smátt og smátt skýrara eftir því sem leið á viðtölin. Eftir að öllum viðtölum lauk var gerð dýpri kóðun, flokkun og samanburður. Þau þemu sem komu skýrast fram voru: skólinn, skólahverfið og félagslegar aðstæður, vímuefnaneysla ungmenna og félagsleg úrræði.

Val og kynning á þátttakendum

Þátttakendur voru fimm talsins, þrír skólastjórnendur, starfsmaður Barnaverndarstofu og starfsmaður barnaverndarnefndar.

Aðgengi að þátttakendum var gott, haft var samband við þá símleiðis og bókaður tími fyrir viðtöl sem áttu sér öll stað á vinnustöðum viðmælenda. Öll viðtöl áttu sér stað í lokuðum skrifstofum viðmælenda. Til að gæta trúnaðar er ógerlegt að lýsa þeim of náid og því var öllum nöfnum viðmælenda breytt.

Val á viðmælendum

Við val á skólunum var notað markviss úrtak (e. Purposive sampling), það er þannig valið að tryggt sé að viðmælendur endurspegli þann markhóp sem rannsókninni er ætlað að ná yfir (Taylor og Bogdan, 1998). Tilgangurinn með því var að fá sem fjölbreyttustu mynd á rannsóknarefnið. Valdir voru skólar úr ólíkum skólahverfum, hvað varðar fjölda nemenda, staðsetningu og félagslegar aðstæður. Til að öðlast dýpri skilning á rannsóknarverkefninu

leitaði ég til fagaðila barnaverndarmála. Viðmælendur mínir koma ekki fram undir nafni og fá þeir því tilbúin nöfn sem verða kynnt hér á eftir.

Starfsmaður Barnaverndarstofu:

Ásta hefur margra ára reynslu af barnaverndarstörfum og hefur starfað lengi hjá Barnaverndarstofu.

Starfsmaður barnaverndarnefndar:

Dóra er starfsmaður barnaverndarnefndar og vinnur með tilkynningar sem berast barnaverndarnefnd.

Skólastjórnendur:

Árni hefur mikla reynslu af kennarastörfum og hefur verið skólastjóri í sama skóla í mörg ár. Að sögn Árna er skólahverfið þannig uppbyggt, að mikið er af menntuðu fólki með háar tekjur.

Guðmundur hefur starfað lengi sem kennari og skólastjóri. Samkvæmt Guðmundi er hátt hlutfall öryrkja í hverfinu og fólks sem hefur litla sem enga menntun.

Skúli er búin að starfa mjög lengi sem kennari og skólastjóri. Að sögn Skúla hefur skólahverfið verið mjög blandað frá fyrstu tíð hvað varðar tekjur, menntun og uppruna íbúanna.

Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar út frá þeim meginþemum sem fram komu við greiningu gagnanna með það að markmiði að fá svör við rannsóknarspurningunum. Í upphafi kaflans verður greint frá niðurstöðum viðtalsins við Ástu starfsmanns Barnaverndarstofu, þar sem hún lætur ljós vafa um fagleg vinnubrögð og viðbrögð grunnskóla.

Tilkynningarskyldan

Ásta telur að fleiri tilkynningar ættu að berast frá grunnskólunum þar sem þær eru ekki nema sirka tíu prósent af öllum tilkynningum sem berast barnaverndarnefndum. Hún telur að það megi útskýra á þann hátt að kennarar viti ekki alltaf um tilkynningarskyldu sína og vita í

mörgum tilvikum ekki hvað sé gert og verða hræddir við að tilkynna. Jafnframt telur hún að kennarar fái í námi sínu mjög litla fræðslu um barnaverd og séu þess vegna kannski ekki undir það búnir að tilkynna.

Ásta telur að barnaverndarmál hafi lengi haft mjög neikvæðan stimpil og þegar fjallað er um barnaverndarmál í fjölmiðlum þá er það út af einhverju tilviki þar sem foreldrar eða aðstandendur eru ósáttir við aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ætíð er fjallað um þau mál út frá sjónarhorni foreldra en ekki barnanna. Hún telur að margir starfsmenn skólanna séu hræddir við „barnaverndar grýluna“ sem megi skýra að hluta til vegna lítillar fræðslu í Kennaraháskólanum. Mikilvægt er að skólar séu búnir að marka sér ákveðna stefnu um hvernig er farið með svona mál innan skóla. Þannig verði ekki einstakur kennari ábyrgur einn og sér, heldur skólinn sem heild. Ásta segist hafa orðið vör við það að skólarnir séu ósáttir við það að fá svo engar upplýsingar um hvað gerist í kjölfar tilkynningar. Hún bendir á að barnaverndarnefndir séu bundnar algjörum trúnaði við fjölskylduna og gefi engar upplýsingar um hvort eitthvað sé verið að vinna í málefnum barna. Þetta þykir mörgu skólafólki mjög erfitt og í sumum tilvikum getur þetta verið forvitni en það getur einnig verið gagnlegt fyrir barnið að skólinn fái upplýsingar. Með því móti getur skólinn veitt barninu betri þjónustu og barnaverndarnefnd hefur alltaf það úrræði að ræða um það við foreldra hvort rétt sé að láta skólann vita ef málin geta varðað skólagöngu barna.

Það þýðir ekki endilega að skólinn fái að vita allt sem er í gangi en fái að vita eitthvað og það tryggir alltaf að barnið fái betri þjónustu. Flestir foreldrar samþykkja það, þeir vilja að börnin sín fái góða þjónustu.

Fjölmiðlar

Ásta telur að öll umræða í fjölmiðlum fái fólk til að hugsa hvort það geti gert eitthvað eða hvað eigi að gera. Algengt er að fólk telji að ef það tilkynni til barnaverndarnefndar þá verði barnið tekið „þannig að oft þegar maður er að fjalla um barnavernd þarf maður svolítið að segja hvað gerist svo”.

Tilkynningar

Ég spurði Ástu hvernig stæði á því að það bærust fleiri tilkynningar frá lögreglu en skólunum vegna vanrækslu. Hún vildi meina að það væri vegna þess að ef lögreglan kæmi að einhverju atviki þar sem barn er annað hvort hluti af aðstæðunum eða barn væri viðstatt og er vitni að einhverju eins og útkall lögreglu vegna gleðskapar. Hún segir jafnframt að allar þessar

tilkynningar fari til barnaverndaryfirvalda þannig að tilkynningar frá lögreglu geta verið mjög mismunandi. Flestar tilkynningar sem berast frá lögreglunni er ákveðið að gera ekkert með þar sem þær þykja ekki nógu alvarlegar til að barnaverndarnefnd komi þar að. „Þetta geta verið tilvik eins og barn sem að tekur súkkulaðistykki í einhverri búð og það hefur aldrei áður komið neitt um þetta barn inn á borð barnaverndarnefndar þá er oftast nær ekkert brugðist við þessu. Ef það kæmu tvær til þrjár aðrar tilkynningar um sama barn þá væri kannski farið af stað“. Tilkynningar berast líka frá lögreglu, t.d. ef barn er úti eftir útivistartíma, eða tilkynningar um að foreldrar séu með party og enginn á heimilinu í ástandi til að hugsa um barn sem er á heimilinu. Síðan geta þetta líka verið alvarleg ofbeldismál þar sem lögreglan er kölluð til. Samkvæmt Ástu þá er brugðist strax við í alvarlegum málum.

Vanræksla

Ásta telur að það sé talsvert um vanrækt börn í skólakerfinu og bendir á að lítið hefur verið rætt um vanrækslu og það verður loðnara hugtak en t.d. kynfrerðislegt ofbeldi. “Ég held að almennt sé talsvert um vanrækslu og við höfum alltof lítið rætt vanrækslu og við vitum náttúrulega líka að börn sem eru alvarlega vanrækt þau geta orðið fyrir mjög miklum skaða”. Ásta tekur það fram að skólinn sé mjög meðvitaður um stöðu margra barna og það sé mikil þekking á aðstæðum barna innan skólakerfisins. Þar af leiðandi getur skólinn lent í vandræðum með hvernig vinna eigi úr þeim málum sem upp koma. Hún nefnir að það þurfi að vera miklu markvissari kennsla og námskeiðahald fyrir kennara og mjög skýrar og ákveðnar verklagasreglur hvernig eigi að taka á þessum málum svo, að starfsmenn skólanna viti upp á há hvernig eigi að bregðast við þessum málum. Með því að hafa skýrar reglur þá verða þessi mál ekki eins flókin segir Ásta. Hún talar einnig um að starfsmenn skólanna hlaupi oft undir bagga og geri alveg ótrúlega mikið fyrir nemendur eins og t.d. að koma með nesti að heiman. Það væri alltaf spurning hvenær það er í raun og veru farið að snúast upp í andstöðu sína. Hvenær viðbrögðin eru farin að hindra barnið að fá hjálp. Það þýðir að engin fer að kanna málið og því oft geti vanrækslan verið á fleiri sviðum. Hún bendir á að ef ekki er farið með barn til tannlæknis þá er verið að vanrækja tannheilsu þess. Það er líka verið að vanrækja barn ef það fær ekki að stunda uppbyggilegar tómsundur. „Stundum er þetta svo dýrt að margir foreldrar hafa ekki efni á því en þetta þarf ekki endilega að fylgja efnahagi. Það getur einnig verið af því foreldrarnir svo uppteknir það eru oft carrier foreldrarnir”.

Að mati Ástu þá væru kennarar ekki nógu meðvitaðir eða upplýstir um þau einkenni sem benda til vanrækslu og gæti það verið ein af ástæðunum fyrir því að skólarnir eru

stundum seinir eða „hræddir“ við að tilkynna. Misjafnt er hvernig kennarar meta vanrækslu og hvenær þeir telja tilefni til að tilkynna hana. Að sögn Ástu þá er vanræksla samansett vandamál eða ástand og því ekki hægt að búa til neinn fullkomin lista til skilgreiningar. Ásta telur einnig að það vanti ákveðna kennslu inn í Kennaraháskólann og að skólarnir setji sér ákveðna stefnu eða verklag hvernig þeir taki á svona málum.

Skólarnir verða líka stundum mjög þreyttir og segja bíddu, við göngum ekki inn í foreldrahlutverkið og hér eiga einhverjir aðrir að koma inn, skólinn upplifir að það sé stöðugt verið að ýta fleiri hlutverkum inn í skólann.

Ásta bætir því við að í gangi væri vinna með Menntamálaráðuneytinu og sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem verið er að búa til ákveðnar verklagsreglur fyrir kennara á öllum stigum um hvernig þeir taki á þessu máli. „Það má náttúrulega líka horfa á barnaverndaryfirvöld og segja, höfum við verið nógu dugleg að fræða skólana og svo framvegis“.

Barnaverndarnefnd, úrvinnsla tilkynninga

Ég spurði hvort barnaverndarnefndirnar nái að sinna öllum tilkynningum sem berast. Ásta segir að barnaverndarnefndir eigi að sinna öllum tilkynningum og taka ákvörðun um hvort það sé rökstuddur grunur sem liggur að baki. Nefndirnar hafi sjö daga til að taka ákvörðun og síðan hafi þær þrjá til fjóra mánuði til að kanna málið en oft bíði mál. Hún telur að sveitarfélögin setji allt of lítið fjármagn í þennan málaflokk.

Starfsmenn barnaverndar eru mjög störfum hlaðnir og þá verður það kannski þannig að þau verða eins og slökkviliðsmenn, þar sem er kviknað í, maður hleypur þangað og þangað fyrst og þar sem er kannski bara örlítið blóð það bara bíður og það þýðir líka að þröskuldurinn hækkar það er að segja málin þurfa að vera mjög alvarleg til að þau séu orðin alvarleg af því að það er alltaf verið að sinna alvarlegustu málunum.

Um allt land leggja barnaverndarnefndir talsverða áherslu á að vera í samstarfi við skólana og þeir eiga að vita helstu leiðir, nefnir Ásta jafnframt. Hún metur svo að best væri að skólarnir leituðu til barnaverndarnefnda til að fá fræðslu því þá væri einnig hægt að fá innsýn í hvernig málin væru unninn. Og bætir því við að í barnaverndarmálum skipti reynslan öllu máli.

Skólinn

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því með hvaða hætti skólarnir bregðast við og vinna úr þeim tilfellum sem þeir telja að þurfi að athuga. Einnig er reynt að varpa ljósi á hvað skólarnir telja vera vanrækslu og hver fjöldi og eðli tilfellanna eru.

Skilgreining skólanna á vanrækslu

Hvað telja skólarnir vera vanrækslu? Út frá þessari spurningu langaði mig til að skoða hvort einhver munur væri á skilgreiningum skólanna til þess hvað teldist vera vanræksla og þá sérstaklega með tilliti til skólahverfisins.

Samkvæmt Árna þá er skilgreining skólans á vanrækslu allt frá því að vera að börnin eru óþrífín, þau komi ekki með nesti, læra ekki heima og mæta seint eða illa í skólann. Hann talar um margar birtingamyndir vanrækslunnar og meðal annars að í einhverjum tilfellum eru eldri börn nánast að reka heimilið. Jafnframt telur hann að vanrækslan bitni meira á yngri börnum og þau bregðist við á annan hátt en þau eldri. Hann telur einnig að fólk sé almennt á tánum í sveitarfélaginu gagnvart vanrækslumálum, þar sem upp hafa komið mjög alvarleg barnaverndarmál. Skoðun hans er sú að fólk hiki minna en áður og gangi af meiri krafti í þessi mál og það sé sýnilegra að brugðist sé strax við og meiri vilji yfirvalda til að bregðast við. Í sveitarfélaginu er til svo kallaður “litli hópur” sem samanstendur af fulltrúa félagsþjónustunnar, fulltrúa námsráðgjafa, skólasálfræðinga, lögreglan og forvarnanefnd sem fundar reglulega og tekur púlsinn á bæjarlífinu. Lögreglan fundar tvisvar á ári með skólunum og lætur þá vita ef nemendur þeirra hafi verið teknir með áfengi, brotist inn eða ekki virt útivistartíma.

Guðmundur telur að oft séu þetta matsatriði þegar á t.d. að skoða eitthvað í sambandi við klæðnað, nesti, ástundun og þess háttar. Marga hluti þyrfti jafnframt að skoða eins og samskipti barnanna við önnur börn og framkomu þeirra. Jafnframt bendir hann á að það teljist vanræksla þegar foreldrar sinni ekki uppeldisskyldum sínum eins og að kenna þeim mannasiði, munin á réttu og röngu og náungakærleika „þá lenda kannski svoleiðis einstaklingar kannski fyrr í afbrotum og þjófnaði eða brjóta rúður...þannig að það er svo margt í þessu”.

Ég spurði Guðmund að því hvaða atriði það eru sem skólinn skoðar og hversu alvarleg málin þurfi að vera áður en tilkynning til barnaverndar á sér stað. Skólinn ætlast til þess að nemendur stundi námið, mæti með námsgögn, sinni heimanámi og mæti í skólann segir

Guðmundur og telur að það sé mjög einfalt að mæla það en oft er það síðan matsatriði þegar á að skoða eitthvað í sambandi við nesti, klæðnað og þess háttar. „Auðvitað er þetta ekki alltaf einfalt mál að meta þetta en við reynum að gera það og ef að við skólastjórnendur höfum mikla reynslu af þessu og fleiri innanhúss þá hvetjum við kennara ef að þeir eru í einhverjum vafa að leita ráða og ekkert að hika við það. Svo koma fleiri að því að skoða málin og reyna að meta þau”. Að hans mati þá væri starfsfólk skólans vel upplýst um þau atriði sem flokkast undir vanrækslu og segir að mikið hafi verið fjallað um þessi mál og það þurfi alltaf að fjalla um þessi mál öðru hvoru. Skólinn hafði keypt handbók til að styðjast við sem var dreift á allt starfsfólk skólans. Mikill fjöldi nýbúa er við skólann og Guðmundur sagði ekki sjá neinn mun á þeim og öðrum nemendum skólans hvað varðar vanrækslu. „Auðvitað er til vanræksla þar en margir sinna börnunum mjög vel og eru í vinnu, það er ekkert samhengi þar á milli“.

Skúli tekur í sama streng og er sammála því að vanrækslan geti birts í mörgum myndum t.d. að barn sé ekki í hreinum fötum eða er illa þrifið, barn sem mætir syfjað í skólann dag eftir dag og barn sem sefur ítrekað yfir sig. Hún getur líka birst á þann hátt að barn sé eitt heima hjá sér á þeim tíma þegar það á að vera undir forsjá einhvers fullorðins aðila og telur að alla slíka þætti þurfi að skoða. ” Við reynum að kortleggja allt sem að við teljum að betur mætti fara og það þarf að ræða um þetta við foreldra”. Það hafa komið upp nokkur tilvik ofbeldis gagnvart nemendum skólans. Eitt tilvikanna var vegna móður frá Austur- Evrópu. Kennara fannst eitthvað óeðlilegt í gangi hjá barninu og vildi meina að barnið væri beitt ofbeldi. Móðirin var boðuð á fund hans ásamt túlki. „Þegar ég fór að ræða þau atriði sem að okkur snéru og við vorum ósátt við, þá brotnar konan saman og þá kemur í ljós að það hafði engin sagt henni að það mætti ekki berja börn á Íslandi. Hún hafði bara ekki hugmynd um það, hún var að beita uppeldisaðferðum sem voru viðurkenndar í hennar uppeldi austur í Evrópu“. Skúli segir að það sé menningarmunur á skilgreiningu vanrækslu og hefur hann þurft að útskýra fyrir foreldrum af erlendum uppruna hvað flokkast undir vanrækslu á Íslandi. Hann telur þetta viðkvæmt málefni en þetta sé eina leiðin sem skólinn hefur til að opna augu fólks fyrir því hvað sé alvarlegt og skaðlegt í uppeldi barna. Í skólanum hefur komið upp dæmi þar sem nemandi sýndi athugaverða hegðun í leikfimitímum og þegar athugað var hvað lá að baki kom í ljós að hann hafði mjög frjálstan aðgang að klámefni.

Að sögn Skúla er það umgjörð barnsins í heild sinni, allt frá því hvernig hann er þriffin til þess hvernig hans rammi er fyrir utan skólann sem horft er til í skólastarfinu. Skúli telur að ekkert samband sé á milli fjárhagsstöðu og vanrækslu.

Vanrækslan getur líka birts hjá þeim ríku og hún getur birst í alveg ótrúlegum myndum. Barn sem er kannski eitt heima heilu helgarnar, er það ekki vanræksla að skilja barnið sitt eftir heima af því foreldrarnir eru að fara í party eða sumarbústað eða snögga ferð til London. Þannig að vanrækslan birtist ekki bara í því að barnið sé ekki vel til fara eða ekki með skóladót.

Verklag

Að sögn Árna eru kennarar og annað starfsfólk skólans fullkomlega meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við ef upp kemur grunur um vanrækslu. Innan skólans er starfandi nemendaverndarráð sem fundar einu sinni í viku og í því sitja skólastjórnendur, deildastjórar, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, prestur, námsráðgjafi, fulltrúi frá félagsþjónustunni og fulltrúi frá félagsmiðstöðinni en þeir tveir síðarnefndu sitja ekki fundi nema einu sinni í mánuði. Kennarar þurfa að fylla út ákveðið eyðublað sem þeir vísa til nemendaverndarráðs þar sem þeir tilgreina hver á í hlut og hvað sé búið að gera og við hvern sé búið að tala. “Menn svona kannski vaða ekki beint í eyðublaðið fyrr en að þeir eru búnir að spjalla aðeins við einhvern reynslu mikinn eða stjórnanda um hvað væri best að gera í stöðunni”. Tilfellið er síðan tekið fyrir í nemendaverndarráði og einhver innan þess tekur málið að sér til frekari vinnslu, einn eða fleiri úr ráðinu með umsjónarkennara.

Árni telur mjög mikilvægt að kennari sé aldrei einn að vinna að málum sem þessum og segir það koma í veg fyrir misskilning um hver sagði hvað við hvern. Boðað er til fundar með kennara og foreldrum og þeir látnir vita af stöðu mála og hvað sé hægt að gera til þess að bæta úr ástandinu. Fljótlega eftir fundinn er síðan athugað hvort ástandið hafi breyst. Ef ástand mála hefur lagast er því fylgt eftir með því að fylgjast með barninu. Hins vegar ef ekkert hefur breyst þá er foreldrum ávallt gert grein fyrir því og látin vita að málinu verði vísað lengra. „Ekki það að þau hafi eitthvað um málið að segja eða stoppi það af, heldur bara að þau séu fullkomlega meðvituð. Auðvitað eru viðbrögðin ekki alltaf góð en þetta sé nauðsynlegt skref í vinnuferlinu, til að skólinn geti útskýrt að tilgangurinn er að hjálpa viðkomandi við að leita lausna og svara ákalli um hálp eða eitthvað slíkt”.

Fundað er með foreldrum einu sinni eða oftár eftir að fyrsta athugasemdin hefur verið gerð innan skólans og fundargerð skráð til þess að koma í veg fyrir allan misskilning. “Við svona reynum að upplýsa þau um að við séum að fara að vísa málinu til félagsþjónustunnar. Auðvitað eru ákveðnar viðvaranir búnar að eiga sér stað áður þannig að það ætti ekki að koma stórkostlega á óvart”. Ef málin halda áfram er það aldrei kennarinn sem vísar málinu til barnaverndarnefndar heldur er það alltaf skólastjórinn sem gerir það í nafni skólans, í

samstarfi við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Tvisvar á ári fer skólinn yfir nafnalista yfir alla þá nemendur sem komið hafa við sögu í nemendaverndarráði.

Guðmundur taldi að vel væri fylgst með lífi nemenda ef grunur leikur á vanræsklu. Á tveggja vikna fresti kemur nemendarverndarráð saman þar sem fundað er um ýmis mál sem komið hafi upp á tímabilinu. Í nemendarverndarráði sitja skólastjórnendur, deildarstjóri, skólahjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi. Oft koma tilvísanir frá umsjónarkennara og ef ákveðnar grunsemdir vakna um einhvers konar vanrækslu er unnið með það og tilkynnt til barnaverndarnefndar ef þörf þykir. Jafnframt er umsjónarkennarinn hvattur til að láta foreldra vita ef eitthvað er ekki í lagi. Almenna reglan er sú að fyrst vinnur umsjónarkennari málið og ef hlutirnir lagast ekki, er málinu vísað til nemendaverndarráðs eða skólastjórnenda. Fulltrúar barnaverndarnefndar hafa komið í skólann og rætt við börn án vitundar foreldra og þykir þá full ástæða til. Foreldrum er síðan tilkynnt um það eins fljótt og hægt er, að fundi loknum. Vinnureglan er sú að ef það þurfi að boða til fundar sitja skólastjórnendur, umsjónarkennari, foreldrar og oftast barnið sjálft en það fer eftir aldri þess. Á þeim fundi er foreldrum gert grein fyrir stöðu mála og ef ástandið lagast ekki þá beri skólanum að tilkynna málið. „Við skulum segja að þetta snúist að skólasókn og námsástundun þá ber mér skylda....ég meina ég hef miklar skyldur sem skólastjóri, þá ber mér skylda til þess að tilkynna málið. Ég læt fólk vita að því að málið geti endað þannig ef þetta heldur áfram að versna“. Jafnframt er vinnureglan sú að allur pappír er undirritaður af skólastjóra og engum öðrum. “Við höfum þá vinnureglu hér að allt sem fer frá skólanum er bara undirritað af skólastjóra sem sagt frá skóla.....auðvitað fæ ég upplýsingar frá kennurunum en það er allt undir mínu nafni“.

Guðmundur talar um að það sé mismunandi hvernig foreldrar bregðist við þar sem sumir hafi mjög góðan skilning á þessu og hafa kannski hálf partinn gefist upp og vilja fá aðstoð en til eru líka dæmi um það að fólk hafi brugðist mjög illa við og verið mjög ósátt við athugasemdir skólans. „En það er samt ekki mjög algengt að fólk bregðist illa við. Ég held að fólk svona skilji vel að við höfum miklar skyldur í þessu máli gagnvart börnunum og ég tala alltaf skýrt við foreldra og á fundum við barnaverndarnefnd og eins hér í skólanum og reynum að gera það á jákvæðan hátt“.

Það er ekki sama hvernig maður setur þessa hluti fram. Þetta eru mjög viðkvæm mál.

Guðmundur telur skólann hafa mjög skýrar verklagsreglur í barnaverndarmálum og segir þær nauðsynlegar. Ekki er tilkynnt til barnaverndarnefndar nema það teljist virkilega nauðsynlegt og bendir á að ýmis úrræði séu til staðar innan veggja skólans. Foreldrum er gefið tækifæri til að laga ástand mála, nema málið þyki þeim mun alvarlegra og alveg augljóst að það þurfi að

tilkynna það. Það hefur komið fyrir að barnið sé sett í greiningu eða skoðun jafnvel sálfræðiviðtöl til að meta stöðuna. En hin almenna regla er sú að umsjónarkennarinn vinnur fyrst málið, boðar foreldra á fund og gerir þeim grein fyrir stöðu mála. Ef aðstæður breytast ekki er málið tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi sem ákveður framhaldið.

Skúli telur kennarana við skólann vera mjög meðvitaða um tilkynningaskyldu sína til barnaverndaryfirvalda. Ef kennari hefur vissan grun um misbrest þá vísar hann málinu áfram og ræðir við deildarstjóra. Deildarstjóri skoðar málið og fer með það lengra ef ástæða þykir til.

Ég legg á það áherslu að alltaf þegar ég ræði við kennara, hann má aldrei nokkurn tíma upplýsa það að hann sitji uppi með eitthvað mál án þessað láta vita af því, alveg sama hvers eðlis það er. Ef það er grunur um að barn þurfi sérkennslu þá þarf að láta vita af því. Börnin eru okkar skjólstaðingar og okkur ber að vaka yfir þeim. Það sama er með vanræksluna við verðum að skoða það.

Skúli segir að undir venjulegum kringumstæðum nægi oftast eitt samtal við foreldra til að laga ástand mála. Ef það hins vegar endurtekur sig eða lagast ekki þá þurfa aðrir aðilar að koma að eins og deildarstjóri, skólahjúkrunarfræðingur, sérkennari eða einhver aðili innan nemendaverndarráðs sem tekur málið að sér. Í nemendaverndarráði sitja deildastjórar, aðstoðarskólastjóri sem stýrir ráðinu, hjúkrunarfræðingur, listmeðferðarfræðingur, námsráðgjafi og tveir fulltrúar frá þjónustumiðstöð sem eru sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi sem getur tekið málið að sér og vísað því inn í þjónustumiðstöð með félagsráðgjöf. Skúli tekur það skýrt fram að það þurfi alltaf að ræða við foreldrana þegar upp koma svona mál. Ef það er ungur kennari sem er lítið reyndur þá fer einhver annar með honum í málið eins og t.d. deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur eða námsráðgjafi. Skúli segir að það sé sérstaklega brýnt fyrir kennurum að vera vel vakandi yfir barnaverndarmálum því það er stefna skólans að bregðast við öllum slíkum málum. Mál sem tengjast því að börn sæki illa skólann, skrópa mikið og mæta mikið of seint fara inn á borð til ráðgjafanefndar sem er þriggja manna hópur sem tekur að sér þessi mál og boðar foreldra í viðtal til að laga ástandið. Í ráðgjafanefndinni sitja listmeðferðarfræðingur og tveir kennarar með mikla reynslu. Skúli segir að ef komi upp sú staða að skólinn telji þurfi að skoða máli og búið sé að fjalla um það í nemendaverndarráði og það sé mat aðila að engin breyting hafi átt sér stað, þá er haft samband við viðkomandi heimili og bent á að skólinn sé komin í þá stöðu að honum beri að tilkynna til barnaverndarnefndar. “Við tilkynnum alveg hægri, vinstri ef okkur þykir ástæða til. Sem betur fer þá þarf maður ekki að skrifa bréf út af öllum tilvikum. Svo er líka annað sem hefur verið mikið rætt, það er þegar við höfum einhvern grun um ofbeldi, misnotkun,

eitthvað slíkt þá er það bara tilkynnt”. Í slíkum tilfellum er haldin fundur og einkennin skoðuð. Í skólann hefur komið fólk frá Stígamótum og frá fagaðilum til þess að ræða og upplýsa hvað eigi að horfa á. Skúli segir að þetta sé eitthvað sem alltaf verður að vera í umræðunni.

Þetta er bara svona eins og skyndihjálparnámskeið þú þarft að fara á skyndihjálparnámskeið annað hvert ár ef þú ætlar að viðhalda þessari þekkingu en sem betur fer þá erum við ekki alltaf að hnoða og hjálpa fólki í nauð og sem betur fer erum við skólafólk ekki alltaf að upplifa börn sem hafa verið misnotuð eða er beitt ofbeldi.

Fjöldi og eðli tilfella

Samkvæmt Ástu hefur tilkynningum til barnaverndarnefndar fjölgað á milli ára, hluta til vegna þess að skráning þessara mála væri orðin betri. Jafnframt bendir hún á að starfsmenn barnaverndarnefnda segi að þeir fái meira af alvarlegum tilkynningum sem tengjast alvarlegri og meiri fíkniefnaneyslu foreldra, þar af leiðandi koma alvarlegri mál í kjölfarið. Ásta bætir því við að þeir sem vinna á meðferðarheimilum fyrir börn segi að börnin séu í þyngri og meiri neyslu en áður hefur þekkt.

Skúli segir að það séu ekki mörg tilfelli alvarlegra mála sem koma upp. Hann áætla að það séu átta til tíu tilkynningar á ári. “Við erum alveg óhrædd að tilkynna og ég geri foreldrum fulla grein fyrir því að ég sé að hugsa um velferð barnanna”. Alvarlegustu tilfelli segir Skúli vera þegar börn eru lamin. “Það held ég sé það alvarlegast sem ég hef tilkynnt. Við höfum líka tilkynnt um hugsanlega misnotkun en það kom ekkert út úr því en við tilkynntum af því að við héldum...við drógum þá ályktun að það væri hugsanlegt en það kom ekkert út úr því”.

Árni telur að fá tilkynnt tilfelli vanrækslu komi upp í skólanum og málin séu misjöfn, allt frá því að vera vanræksla og til aðstæðna sem eru meira þess eðlis að vera ósk um stuðning. Hann segir starfsmenn skólans vera mjög meðvituð um það hvernig bregðast skuli við. „Barnaverndarnefnd og allt þetta er hræðilegt orð í margra augum og það hefur ekki endilega hjálpað, heldur virkar á marga eins og lögreglan eða fangelsi”. Þegar mál eins og ósk um stuðning af einhverju tagi koma upp er ekki beint litið á þau sem kæru, heldur mál sem fylgst er með innan skólans án þess að vera send áfram til barnaverndar. Eðli þessara mála, hvort sem þau eru tilkynnt eða ekki eru allt frá því að börn eru skítug, ekki með nesti og sinna ekki heimanámi. Flest mál sem upp koma innan skólans eru tilfelli sem snúa að aðstoð við fjölskylduna eða barnið. Ekki væri þörf á að tilkynna öll tilfelli vanrækslu sem upp

koma því stundum var sá grunur ekki á rökum reistur eða málið það skammt á veg komið að foreldrar löguðu ástandið og á það við í einfaldari málum t.d. eins og ef barnið mætti ekki með nesti, heimanámi ekki nægilega vel sinnt, ástundun í skóla var ábótavant og fl. Í flestum tilfellum bregðast forráðamenn við og leysa vandamálið og oft með hjálp skólans áður en það fer yfir á næsta stig.

Það er kannski móðir sem er með fjögur börn, einstæð móðir...og ræður ekki alveg við ástandið... og þá er til dæmis félagsþjónustan hér með það sem hún kallar liðveisla þar sem kannski einhver kemur og tekur eitt, tvö börn út af heimilinu og fer með í bíó eða eitthvað svoleiðis. Þannig að það er ekki beint kæra alltaf þegar svona tilvísun er heldur svona bara verið að velta steinum.

Hann lítur svo á að öll tilfelli sem upp koma séu alvarleg og innan skólans er litið á þau sem verkefni en ekki vandamál, sem þurfi að leysa.

Án þess að mála skrattann á vegginn þá teljum við öll atvik...ég veit ekki hvort ég á að segja alvarleg...þetta er eins og að segja það eru engin vandamál það er bara verkefni sem þarf að leysa. Þannig að það er kannski sú nálgun sem er í gangi. Það þarf bara að fara í málið, kanna hvað er að og leita af sér grun eða þá að vinna frekar í málinu af því að við sættum okkur ekki við aðstæður.

Árni talar um að vanræksla bitni meira á yngri börnum því að þau eldri eru farin að bjarga sér sjálf á einhvern hátt. “Svo getur þetta verið líka dæmi um það að þau eldri séu nánast að reka heimilið þannig að það eru allskonar form á þessu. En auðvitað bitnar kannski meira á yngri þegar um svona er að ræða og birtingarformið hjá því barni gagnvart aðstæðum eru öðruvísi heldur en eldra barns“.

Kynferðislegt ofbeldi alvarlegt málefni segir Árni en telur það líka alvarlegt ef barn sinnir ekki heimanámi og mætir ekki í skólann. Oftast er fólk að kalla eftir hjálp þegar svona tilfelli komi upp og er þá oft þannig að foreldrarnir ná ekki að fóta sig og ákveðin uppgjöf er til staðar. Árni segir að fá tilfelli vanrækslu komi upp en þau eru gjarnan þess eðlis að verið sé að biðja um hjálp. Í svoleiðis tilfellum kæmu bæði skólinn og sveitarfélagið að máli. “Það eru kannski forráðamenn í vandræðum með hegðun viðkomandi barns eða eitthvað slíkt og þurfa bara aðstoð eins og hvernig á ég að stýra mynstrinu varðandi heimanám og svo fram eftir götunum. Þá erum við með ákveðið kerfi, umbunarkerfi og slíkt sem að við setjum bara í gang þannig að það vinnum við þá bara með foreldrunum”. Að mati Árna þá hefur reynsla kennarans mikið að segja um hvernig hann bregst við þeim tilfellum sem upp koma og þess vegna er mikilvægt að hafa ferlið þannig að hann viti nákvæmlega hvert skal leita til að vinna málið áfram ef þörf krefur.

Guðmundur telur mörg barnaverndarmál koma upp á hverju ári í skólanum. Að hans mati hafa tilkynningar til barnaverndar aukist á seinni árum og hefur fulltrúi frá barnaverndarnefnd komið í skólann og rætt við börnin. „Það er bæði það að við tilkynnum kannski fyrr...erum meira vakandi en við erum líka að fá fleiri fyrirspurnir frá barnaverndarnefnd þar sem einhver annar en skólinn hefur tilkynnt og þá þurfum við að svara út frá okkar reynslu eða barninu. Þannig að það er mjög mikið um fyrirspurnir frá barnaverndarnefnd“. Ýmsar ástæður eru fyrir vanrækslu segir Guðmundur.

Stundum getur þetta verið óregla og þá er þetta náttúrulega algjört hugsunarleysi og sinnuleysi.

„Svo eru sumir foreldrar með svona ákveðnar þroskaskerðingar og gera kannski sitt besta en tekst ekki nógu vel til...það er stundum því miður“. Félagslegar aðstæður geta líka ýtt undir þessi tilfelli eins og atvinnuleysi og veikindi.

Ég spurði Guðmund að því hver væru alvarlegustu tilfellin sem upp hafa komið. „Það er náttúrulega ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, það er það alvarlegasta og ömurlegasta sem maður hefur séð“. Hjá unglingum eru tilfellin frekar tengd neyslu og upp hafa komið tilfelli þar sem þótt hefur full ástæða til að fara fram á lyfjapróf í skólanum, en lög og reglugerðir hafa ekki heimilað það. Í þau ár sem Guðmundur hefur unnið við skólann hafa alltaf komið upp einhver dæmi á hverju ári um einstaklinga í 9. og 10. bekk sem eru í mikilli eiturfjaneyslu. Guðmundur þekkir mörg dæmi þess að börn hafi verið sett í fóstur til lengri eða skemmri tíma og á hverju ári eru dæmi um slíkt. „Þá fáum við að vita um það og erum í sambandi við það fólk sem að tekur að sér barnið“. Ég spurði Guðmund að því hvernig börnin bregðist við svona fyrirkomulagi.

Það er svo einstaklingsbundið. Auðvitað er þetta rosalegt álag á börn...já mikið álag. Stundum er svo mikið búið að ganga á, stundum er ef að foreldrar búa ekki saman þá kemur hitt foreldrið kannski meira að málum tímabundið eða jafnvel tekur yfir, það er svo margt í þessu. Þetta er svo rosalega viðamiknið og flókið og svo ofboðslega einstaklingsbundið og það eru svo margar útgáfur af þessu öllu saman...rosalega margar útgáfur.

Guðmundur telur að fjölgun barnaverndarmála hafi átt sér stað og meira sé um fyrirspurnir frá barnaverndarnefnd þar sem einhver annar en skólinn hafi tilkynnt. Á undanförunum árum hafa komið upp þannig tilfelli að þeim er vísað strax til barnaverndarnefndar.

Ef að málin eru mjög alvarleg þá er þeim vísað beint niður eftir. Það hafa komið upp svoleiðis tilfelli að við höfum sent beint niður eftir og jafnvel hef ég stundum sem skólastjóri sest niður og skrifað bréf án þess að taka það fyrir í

nemendaverndarráði ef það er alveg augljóst að það er þess eðlis. Þá hef ég gert það þó að við fjöllum yfirleitt fyrst um það í nemendaverndarráði.

Jafnframt hefur komið upp það alvarlegt tilfelli að barnaverndarnefnd hefur sent strax fulltrúa sinn á staðinn til að funda með foreldrum og skólustjóra.

Samstarf skólanna við barnaverndarnefnd.

Skúli segir að samstarf sitt við barnaverndarnefnd sé gott og honum gangi mjög vel að vinna með þeim og ekkert út á barnaverndarnefnd að setja. Að sögn Skúla hefur hann bent á og hjálpað þeim foreldrum sem eiga börn sem eru við það að detta inn í neyslu að leita sér hjálpar hjá barnaverndarnefnd. Og hafa nefndirnar unnið með foreldrum og börnum í málum sem þessum. „Það er þessi leið sem er afskaplega mikilvægt að hafa opna og þetta höfum við gert“.

Ég spurði Skúla að því hvort hann fengi að vita hvað yrði um nemandann eftir að barnaverndarnefnd tæki við. Hann svaraði því að þar væri misbrestur á en hafi oft kallað eftir upplýsingum. Hann telur að það skipti máli að hann geti treyst barnavernd og hann þurfi ekki að vita allt en þar sem nemandinn er áfram í skólanum, þarf hann að geta fylgst með því hvaða breytingar verða hjá honum.

Hins vegar hef ég stundum velt því fyrir mér...ekki stundum heldur tvisvar sinnum þar sem mér blöskraði vinnubrögð barnaverndar og ég hugsaði alvarlega um það að kæra barnavernd fyrir vanrækslu á þeim skjólstaðingum sem ég hafði tilkynnt um. Þannig að mér sýnist að samstarfið hafi verið að batna og ég segi eins og er, ég er að mörgu leiti ánægður með vinnubrögðin hjá þeim. Auðvitað veit ég að þeir eru ekki í þeirri stöðu sem þeir voru þegar þeir gátu ákveðið að senda litla drengi í Breiðuvík. En að hugsa það sko, hversu langt viljum við að vald nefndarinnar sé að það geti gengið. Einhverstaðar eru mörk og ég hef alveg hugsað eftir að þessi mál komu upp á yfirborðið að kannski er bara betra að börnin lifi við þínulitla vanrækslu undir eftirliti heldur en að gripið sé til mjög róttækra aðgerða.

Ég spurði Skúla að því hvort hann teldi barnavernd vera allt of lengi að vinna úr málunum eða vinna bara alls ekki með þau. Hann telur að á seinni árum hafi skólamenn verið miklu duglegri að vísa málum til barnaverndanefnda og hluti af vandamálinu sé að þeir eru undirmannaðir. En unnið er úr alvarlegustu málunum á meðan hin minni bíði.

Þannig að þeir eru í sjálfu sér ekkert öfundsverðir að vera með yfirfullan bakkann alla daga og öll svona mál sem líta að velferð barna eru afskaplega sein unnin. Það tekur tíma, það er kannski verið að breyta hegðunarmynstri hjá heilli fjölskyldu og það er ekki bara gert svona með því að smella fingrinum, þetta tekur tíma. Og ég held að alla veganna fyrir mér myndi ég nú segja að viðhorf til barnaverndarnefnda sé jákvætt.

Skúli segir jafnframt að upp hafi komið tilfelli þar sem starfsmenn barnaverndar hafi verið beðnir um að koma í skólann út af nemanda, án vitundar foreldra. Í því tilviki var á ferð grunur um ofbeldi og voru foreldrar látnir vita eftir á. “Þegar það hefur gerst þá finnst mér svólítill dugur í þeim“ segir Skúli.

Árni segir að það sé mjög góð samvinna við barnaverndarnefnd en talar um að hann vildi vita meira um framgang mála þrátt fyrir að fulltrúi frá félagsþjónustunni komi einu sinni í mánuði og upplýsir um stöðu einstakra mála „en kannski eigum við ekkert að vita allt“. Einu sinni á ári er síðan fundur með forráðamönnum barna í unglingadeild, lögreglunni og forvarnarfulltrúa þar sem rætt er um útivistartíma og vímuefnanotkun. Árni telur að samvinna við foreldra sé algengari en ekki og oft náist að leysa þessi minni mál áður en þau verða stærri. Að mati Árna fylgist skólinn vel með öllum nemendum því tvisvar á ári er gerð könnun um líðan nemenda og farið yfir hana í nemendarverndarráði.

Guðmundur talar um mjög góða samvinnu við barnaverndarnefnd. “Stundum erum við kannski á gráu svæði en þetta gengur ekki nema að vera í góðu samstarfi og þá ríkir náttúrulega ákveðin trúnaður...það verður að virða mikla trúnaðar- og þagnarskyldu sem að bæði við höfum og þeir í barnavernd“. Jafnframt segir hann nauðsynlegt fyrir skólann að fá ákveðnar upplýsingar þó skólinn fái ekki að vita allt og barnaverndarnefnd leiti líka eftir upplýsingum frá skólanum. Starfsmenn barnaverndarnefndar hafa komið í skólann og rætt við börn án vitneskju foreldranna og er þá foreldrum tilkynnt um það strax á eftir. Guðmundur talar um að það séu heimildir í lögum og reglugerðum til þessara vinnubragða.

Mér finnst þetta hafa aðeins færst í aukana núna á seinni árum. Foreldrum verður oft svólítið brugðið þegar þeir uppgötva að fulltrúi barnaverndar hefur komið og rætt við barnið án þeirrar vitneskju.

Guðmundur talar um að skólinn geti gert marga góða hluti til að hjálpa börnum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum þá leggjast allir á eitt til að hjálpa barninu. Í kjölfarið er oft mikill sálfræðilegur stuðningur og félagsráðgjafar koma að málum í gegnum þjónustumiðstöð og/eða og Barnahús en það er misjafnt eftir því hvað málið er komið langt á veg.

Það eru oft margir sem koma að barninu fyrir utan skólann. En ég held að oft mætti nú þessi stuðningur vera meiri. Ég er ansi hræddur um það því að ég fylgist nú svolítið vel með þessu....veit nú ansi margt sem kannski ekki allir í skólanum vita. Mér finnst nú þessi stuðningur mætti vera oft miklu meiri gagnvart börnum sem lenda í þessum hræðilegu aðstæðum.

Þegar hann var inntur eftir því hvort barnaverndarnefd inni úr þeim málum sem skólinn vísaði til þeirra svaraði Guðmundur: “Því miður eru til mál kannski of mörg sem tekst ekki að vinna vel úr finnst mér“. Einnig talar Guðmundur um að hann vildi sjá miklu áveðnari og markvissari viðbrögð barnaverndarnefndar og miklu fleiri úrræði. Ég spurði Guðmund að því hvort honum þætti hann þurfa að vita meira um gang mála hjá barnaverndarnefnd.

Sumir skólamenn tala þannig, ég eiginlega get nú ekki talað þannig, ég er í svo miklu samstarfi og samvinnu við barnavernd að ég veit nánast allt sem ég þarf að vita þó að ég eigi kannski ekki að gera það en það er mjög gott og mikið trúnaðarsamband við helstu starfsmenn barnaverndar. Allir þessir aðilar sem koma að málinu hjá barnavernd þurfa að vinna saman og þá þarftu að geta talað svolítið opinskátt um hlutina og án þess að það sé að fara út um borg og bæ.

Guðmundur sagði að viðbrögð barnanna væru mjög misjöfn þegar unnið væri í málefnum þeirra og þá sérstaklega unglingunum sem væru mjög illa við þessi utanaðkomandi afskipti. Jafnframt segir hann að mörg yngri barnanna væru mjög ánægð með þessi afskipti því að oftast leiddi þau til þess að aðstæður þeirra bötnuðu og þar af leiðandi liði þeim betur. Viðbrögðin velta líka á viðbrögðum foreldranna segir Guðmundur. Ef viðbrögð foreldranna eru harkaleg þá hafi það mikil áhrif á börnin. „Sem betur fer er ég með nokkur dæmi hér á krökkum á unglingastigi þar sem barnavernd hefur komið ákveðið að á yngri stigum sem að hafa gengið vel og viðkomandi einstaklingar eru að standa sig ágætlega og ná tökum á sínu lífi“. Guðmundur þekkir líka dæmi þess að ekki hafi gengið nógu vel en þau eru ekki mörg. Síin reynsla sé sú að barnaverndarnefnd bregðist strax við mjög alvarlegum málum og það séu mörg dæmi um markviss og góð vinnubrögð frá nefndinni. Hann telur að það sé mikil mannekla sem nefndin þarf að búa við og mikið álag á starfsfólki og telur allt starfsfólkið vera mjög hæft en mikið álag á því.

Vímuefnaneysla ungmenna

Skúli segir ekki koma upp mörg tilfelli um vímuefnaneyslu í skólanum. “Nei ég get nú ekki sagt það, sko vandinn liggur í því, og kannski guði sé lof, að þessi neysla hjá unglingum að

hún fer fram á kvöldin og um helgar þegar þau eru sem sagt ekki í skólanum“. Reglulega eru haldnir fundir með foreldrum þar sem rætt er um þær breytingar sem verða á börnum sem byrjuð eru í neyslu. Skúli segir að skólinn hafi fengið mjög neikvæð viðbrögð frá foreldrum ef það er hringt í þá vegna gruns um að nemendur mæti í skólann undir áhrifum vímuefna og líka vegna áfengis og reykinga. Þá er fylgst með og ef sá grunur vaknar aftur þá er aftur haft samband við foreldra og ef viðbrögðin eru þau sömu, þá er tilkynnt. Guðmundur telur að mörg dæmi séu um að foreldrar leiti sér aðstoðar vegna félagslegra aðstæðna og að mörg dæmi séu fyrir því að foreldrar hafi gefist upp á uppeldi barna sinna. Í flestum tilfellum eru það foreldrar þeirra unglunga sem hafa leiðst út í fíkniefnaneyslu.

Þetta snýr líka stundum að unglungum sem að eru að fíkta og komin jafnvel út í neyslu. Og það er oft því miður...þá hefur maður oft upplifað ákveðna uppgjöf hjá foreldrum í slíkum málum, slík mál geta oft verið mjög erfið en þá koma barnverndarnefndir oft ákveðið að málunum. Ég held að það þurfi að taka rosalega á í þessum málaflökki og ég held að þurfi að styrkja þennan málaflökk verulega, ég held að þörfin sé gríðarleg, alveg gríðarleg að veita börnum og foreldrum þeirra stuðning, félagslegan stuðning og jafnvel fjárhagslegan stuðning líka. Og stundum náttúrulega kannski í verstu tilfellunum þarf kannski að grípa fyrir inn í að taka börn tímabundið út af heimilinu...það þarf ansi mikið til”.

Guðmundur telur að barnaverndarnefndir eigi erfitt með að vinna úr málum sem tengjast unglungum sem eru komin í neyslu. Tilfinning hans er sú, að honum þykir vera komið ákveðnari að málum hjá yngri börnum en unglungum og það vanti fleiri úrræði fyrir unglunga.

Þegar ég hugsa um öll þau mál sem ég hef verið að vinna með á öllum þeim árum sem ég hef verið skólastjóri, þá finnst mér það vera oft hálfgerð ráðaleysi gagnvart unglungum. Þau þurfa nánast að vera komin á botninn svo að þau fái pláss inn á merðferðarheimili eða öðru slíku. Og svo eru þau jafnvel að bíða...það er einhver bráðainnlögn og svo eru þau komin í skólann eftir smá tíma og ekki farið að vinna með málið almennilega og fljótlega eru þau komin í sama farið aftur.

Guðmundur segir að þessi vinnubrögð hafi slæm áhrif á aðra unglunga, þegar þessir einstaklingar koma inn í skólann. Hann vill meina að þetta sé málefni sem þufi almennt að taka á í okkar þjóðfélagi. „Við getum ekki krafist þess að nemendur séu settir í lyfjapróf, þeir geta neitað því. Það vantar skýrari lög og reglugerðir, þótt að það sé ekki gott að vera með einhver þvingunarráðin en stundum þarf bara hreinlega að kanna málið ef það vaknar

grunur”. Guðmundur telur jafnframt að full ástæða sé til að efla löggæsluna í hverfinu og hún þurfi að vera mjög öflug. Hann telur að neysla ungmenna á ólöglegum fíkniefnum hafi minnkað en sé þrátt fyrir allt enn til staðar hjá grunnskólanemendum. Hins vegar telur hann að alltaf sé einhver hópur að fíkta við þetta og mörg dæmi um það að einn og einn sé komin út í harða neyslu. “Við erum í mjög góðu samstarfi við lögregluna, stundum erum við á mjög gráu svæði þar eins og annarstaðar. Við verðum að vinna saman og erum að hjálpa þeim oft í málum. Hverfislögreglan er mjög mikilvæg og er ég mjög ánægður að heyra að það eigi að efla löggæslu í hverfunum.”

Skólahverfið og félagslegar aðstæður

Samkvæmt Skúla er skólahverfið mjög blandað, allt frá fyrstu tíð. Skúli telur að ekkert samhengi sé á milli fjárhagsstöðu og vanrækslu. Hann segir að t.d. íþróttaiðkun barna sé minni en gengur og gerist en börnin séu aftur á móti mikið í listum, tónlist og dansi. Hann segir jafnframt að eldri krakkarnir í unglingadeildinni vinni of mikið með skólanum. Í könnun sem var gerð kemur líka í ljós að börnin í þessu hverfi drekki meira af sætum drykkjum, borði meira af ávöxtum og grænmeti og borði sjaldnar morgunmat en í öðrum hverfum borgarinnar segir Skúli.

Við höfum oft þurft að bregðast við því sem við köllum fátækt. Nú er búin að vera svolítið mikið til umræðu fátækt. Sú umræða kom mér ekki að sjálfu sér svo mikið á óvart, fátækt hefur alla tíð verið til í þeim skilningi og kemur fram í hinum ýmsum birtingarmyndum og við erum búin að vita um þessa fátækt og hérna er bara reynt að bregðast við henni. Það kom blaðamaður frá sjónvarpinu og spurði mig hvað mér fyndist um þetta hvort að þetta kæmi mér á óvart og ég sagði nei, þetta kemur mér ekki á óvart, ég er búin að vita af þessu lengi. Það sem er svo dapurt að fyrir jól þá er rætt um fátæktina og allt það og svo er ekkert meira minnst á þetta fyrr en kannski fyrir næstu jól en fátæktin heldur áfram og það er lítill munur á því að vera fátækur í desember eða í mars eða febrúar. Þessi umræða fer alltaf í loftið og hvað svo...bara ekki neitt”.

Nemendur skólans þurfa ekki að kaupa skólabækur en ef þá vantar stílabækur, blýanta eða eitthvað í þeim dúr þá útvegar skólinn það.

Skúli segir að í skólanum þyki ekki fint að nemendurnir klæðist merkjavöru, heldur geta nemendur verið klæddir eins og þeim sýnist. Ekki taldi hann þörf á skólabúningum heldur kæmur nemendur í þeim fötum sem þeir vilja klæðast og það veki ekki umtal. „Allur

fatnaður er viðurkenndur, hver má vera til fara eins og honum sýnist svo framarlega að hann geri ekki einhverjum eitthvað illt, það er ekki viðurkennt“. Skúli tekur fram að það séu margir nýbúar í skólanum og börnin geri engan mun á því hver hörundsliturinn er. Talsvert er um múslima í skólanum og segir þá vera alveg jafn gjaldgenga og önnur börn þar sem börnin eru lítið að velta sér upp úr trúarbrögðum annarra og bætir því við að það sé mjög mikið umburðarlyndi ríkjandi innan skólans bæði frá nemendum og starfsmönnum.

Árni talar um mjög háan menntunarstuðul í hverfinu og segir að í hverfið hafi safnast saman fólk með góða menntun. Ekki væri mikið um vanrækt börn heldur þau tilfelli sem upp kæmu væru þess eðlis að leitað væri eftir aðstoð inn á heimilið. Árni telur að lægri tekjur tengdust frekar vanrækslu. Hann segir nágrannavaktina öfluga og mikla samstöðu meðal íbúa hverfisins. Sem dæmi um samstöðuna má nefna að foreldrafélagið kaus að taka upp skólabúninga. Það var gert til þess að fækka neikvæðum áreitum og auka samkennd og samheldni innan hópsins. Í samstarfi við heimili og stundum félagsþjónustuna hefur skólinn getað hlaupið undir bagga með að útvega nemendum eldri deildanna tískufatnað svo að þau séu ekki öðruvísi en hinir. Árni tekur skýrt fram að skólafötin hjálpi mikið í tilfellum þar sem foreldrar hafi ekki efni á því að kaupa dýra merkjavöru. Hins vegar sé ákveðin hræðsla í gangi gagnvart skólabúningunum en jafnframt sé rosalegur áhugi og mikil forvitni og vel fylgst með gangi mála. Hann segir að í unglingadeld gangi þetta fyrir komulag ekki en hjá yngri deildunum sé gaman að sjá hve mikil samstaða er um skólabúningana. Telur Árni að þessi tilraun hafi vakið margan skólastjórnandann til umhugsunar og margir forvitnir að sjá hvort þetta fyrirkomulag gengi upp, einkum þar sem allir foreldrar eru ekki fullkomlega sammála um skólafatnaðinn. Flestir eru sáttir og reynslan væri mjög góð.

Í skóla Guðmundar er u.þ.b. fjórði hver nemandi af erlendum uppruna. Hann telur félagslega stöðu margra bágborna þrátt fyrir að hópurinn sé blandaður. Telur hann að margt fólk hafi þörf fyrir ráðgjöf og stuðning og að forgangsroðunin sé ekki alltaf eins og hún ætti að vera gagnvart börnunum. “Auðvitað vitum við það að þáttaka barna hér í íþrótt- og tómstundastarfi eftir skóla í þessu hverfi er hlutfallslega minni en í mörgum öðrum hverfum. Það er ekki hægt að segja að það sé beint vanræksla, það kannski vantar oft meiri skilning á þörfum barnanna og kannski hefur fólkið meiri þörf fyrir ráðgjöf og stuðning þó að það sé ekki hægt að segja að það sé vanræksla”. Guðmundur bætir því við að starfsmönnum barnaverndar hafi ekki fjölgað hlutfallslega miðað við tilkynningar því að tilkynningum hafi fjölgað mjög mikið í erfiðum málum. Guðmundur bendir á að samfélagið hafið þróast mjög hratt og að margir nái ekki að fóta sig í því samfélagi og þá sérstaklega þeir sem hafa litla

færni og menntun og það komi mest niður á börnunum. Oft væru félagslegu aðstæðurnar mjög erfiðar í þeim tilfellum sem upp koma.

Atvinnuleysi, veikindi jafnvel mikil veikindi. Það getur líka spilað inn í og kannski ein og ein fjölskylda býr við það að það er búið að vera svona ástand, kannski þriðja kynslóð...fólk kannski þekkir ekkert annað. Það hefur reynst sumum börnum erfitt að rífa sig út úr þessu en sem betur fer eru mörg dæmi um krakka sem hafa búið við mjög erfiðar félagslegar aðstæður að ná svo að blómstra og hafa farið í framhaldsskóla og jafnvel Háskóla og náð mjög langt. Við þekkjum sem betur fer mörg svoleiðis dæmi. Þannig að maður sér hvað skólinn skiptir miklu máli og þessi félagslegi stuðnigur við foreldranna skiptir miklu máli en ég held að það þurfi að auka þennan þátt svo að við reynum að bjarga fleiri börnum.

Að mati Guðmundar hefur hverfið lengi búið við lágt menntunarstig og það eru ekki nema 2-3% sem eru með háskólapróf eða hafa farið í háskólanám og íbúar hverfisins vinna mikið til lágláunastörf. Hann telur hátt hlutfall öryrkja búa í hverfinu og vill meina að félagslega sé hverfið ekki sterkt þrátt fyrir að einhverjir séu með menntun og í góðum störfum þar sem það hlutfall þeirra sé ekki eins hátt og annarsstaðar.

Svona aðstæður kalla á meiri stuðning það er bara alveg ljóst og ég bind ákveðnar vonir við frístundakortin hér, vonandi fjölgar þá nemendum sem æfa íþróttir eftir skóla til dæmis. Svona hverfi sem er með lágan félagslegan status þarf stöðþjónustan að vera meiri eins og í Stokkhólmi, þar er bara sett meira fjármagn inn í hverfi sem býr við þessar aðstæður. Það er alveg staðreynd að það eru nokkur hverfi hérna í borginni sem að skera sig úr, það eru örugglega að minnsta kosti þrjú hverfi sem skera sig úr hvað þetta varðar.

Guðmundur tekur fram að hverfið sé aðeins að breytast þar sem minna er um félagslegar íbúðir en áður og bendir á að það sé fleira fólk en áður sem á sitt húsnæði. Hann telur einnig að nemendur fari töluvert á milli skólahverfa og í skólanum eru nemendur úr öðrum hverfum og öfugt og bætir því við að þessi barnaverndarmál finnist líka hjá vel stæðu fólki.

Þótt að ég nefni nú bara þetta hverfi hér þá veit ég að það eru líka mörg barnaverndarmál í hverfum þar sem efnahagsleg staða er mjög góð og þá er það kannski einmitt á hinn veginn að það er allt keypt, að foreldrar hafi ekki tíma eða gefa sér ekki tíma til að vera með börnunum. Ég veit um mörg slík dæmi líka þó svo að það séu ekki mörg svoleiðis dæmi hér í þessu hverfi.

Félagsleg úrræði

Að sögn Guðmundar þá eru sjö til átta nemendur sem búa við mjög erfiðar aðstæður og hefur samstarf skólans við þjónustumiðstöð og ÍTR um félagsleg úrræði í skólanum nýst þessum nemendum mjög vel. „Við erum búin að vera með þetta í nokkur ár þannig að við erum mjög meðvituð um þetta og auðvitað erum við í svona hverfi þar sem að félagsleg staða er svona frekar veik hjá mörgum þótt að hópurinn sé mjög blandaður hér“. Guðmundur telur að stoðþjónustan þurfi að vera meiri í kringum hverfi með lágan félagslegan stuðul. Það þurfi að setja meira fjármagn í barnaverndarmál og stuðning fyrir fjölskyldur og forvarnarstarf og uppbyggjandi verkefni af ýmsu tagi. Guðmundur sér fyrir sér að hægt væri að gera meira fyrir nemendur eins og t.d. heimanámsaðstoð fyrir börnin og skólinn gæti útvegað húsnæði fyrir tómstundastarf og íþróttastarfsemi sem börnin gætu stundað þeim að kostnaðarlausu.

Skúli segir:

Það eina sem ég sé svona að og er mjög slæmt í dag það er þetta úrræðaleysi gagnvart börnum sem eiga við geðraskanir að glíma og þetta er nú bara hreint og beint heilbrigðismál sem er í raun og veru ekkert skylt við skólamál þó að það hangi náttúrulega saman. Og svo hitt hvað okkur gengur illa að fá pening til að búa til einhver góð úrræði fyrir nemendur sem eru komnir í eiturlyfjaneyslu fyrir fermingaraldur. Það eru þessi mál sem að mér finnst svo skelfilegt að horfa upp á.

Allir skólastjórnendurnir eru sammála um að það vanti fleiri félagslega úrræði fyrir börn og fjölskyldur og þá sérstaklega fyrir foreldra sem eiga unglinga sem neyta vímuefna. Jafnframt segja þeir að það sé mikil brotalöm á meðferðarrúðum fyrir unglinga.

Samantekt

Í rannsókninni voru skoðaðir þrjú skólar til þess að varpa ljósi á vanrækslu barna með tilliti til þess hvernig grunnskólarnir standa að tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda og verklag þeirra þegar grunur er um misbrest.

Í skólunum eru tilfelli vansækslu mjög mismunandi, allt frá því að börn mæti ekki með nesti til mjög alvarlegara mála á borð við vímuefnaneyslu og ofbeldi. Niðurstöðurnar sýna að vanræksla komi ekki síður fram hjá fjárhagslega vel stæðum fjölskyldum og felst þá oft í því að foreldrar gefi sér ekki nægan tíma til þess að vera með börnum sínum. Þannig eru dæmi um að börn hafi verið skilin eftir ein heima meðan foreldrarnir hafi t.d. skroppið til útlanda. Mikil fjarvera foreldra, t.d. vegna vinnu, gerir það að verkum að heimilishald verður

skipulagslaust og þá vanti oft hjálp eða stuðning inn á heimilið til að skapa festu, frekar en að barnaverndarnefnd þurfi að grípa inn í gang mála. Í skólahverfum þar sem menntunarstig er lágt og fjárhagsstaða foreldra mikið til bágborin, virðast tilfellið oftara vera vegna neyslu ungmenna á vímuefnum og vegna líkamlegs- og kynferðislegs ofbeldis. Nemendur hafa mætt undir áhrifum vímuefna í skóla og hafa mörg tilfelli komið upp þar sem nemendur hafa verið settir í tímabundið og eða varanlegt fóstur. Full ástæða hefur þótt til að vímuefnaprófa nemendur en lög og reglugerðir hafa ekki leyft það. Fram kemur að skólarnir hiki ekki við að láta foreldra vita ef börn eru byrjuð að reykja, mæta undir áhrifum vímuefna eða áfengis í skólann. Allir skólastjórnendurnir þekkja dæmi þess að foreldrar hafi staðið ráðalausir og jafnvel gefist upp gagnvart unglingum sem hafa byrjað í fíkniefnaneyslu og tala um úrræðaleysi gagnvart þeim unglingum. Þeir gagnrýna barnaverndaryfirvöld fyrir að grípa ekki fyrir inn í mál af þessum toga með því að taka börnin fyrir tímabundið út af heimilinu.

Það sem er sameiginlegt með efnaminni foreldrum barna í þessum skólum er þörfin fyrir ráðgjöf, félagslegan og fjárhagslegan stuðning og sérstakan stuðning fyrir fjölskyldur sem eiga börn sem hafa leiðst út í fíkniefnaneyslu. Allir viðmælendurnir töldu að setja þyrfti miklu meira fjármagn í barnaverndarmál, forvarnarstarf, uppbyggjandi eins og skipulagt íþróttá- og tómstundastarf eftir skóla og heimanámsaðstoð.

Fram kemur greinilega hjá skólastjórnendum að kennarar og starfsmenn skólanna séu mjög meðvitaðir um tilkynningaskylduna og fylgjast vel með nemendum sínum. Verklag skólanna er skýrt og búa þeir yfir ákveðnu kerfi sem þeir fylgja fast eftir, til að meta hvort ástæða þyki til að grípa inn í, og þá með hvaða hætti. Með þessu verklagi vita kennarar og aðrir starfsmenn hvað þeir eiga að gera og hvernig bregðast skuli við. Mikilvægi þess að kennari komi aldrei einn að svona máli, og að allar tilkynningar berist frá skólastjóra í nafni skólans, kom skýrt fram hjá þeim öllum. Samkvæmt lögum þá eru allir skólarnir með nemendaverndarráð en það er mismunandi eftir skólum hverjir sitja í ráðinu. Ráðið tekur ákvörðun um hvort tilkynna skuli þau mál, sem upp koma, til barnaverndaryfirvalda. Oft eru tilfellið þess eðlis að hægt hefur verið að leysa þau í samvinnu með foreldrum innan veggja skólans og þá hægt að leysa þau án afskipta barnaverndanefnda. Í málum sem þessum þá skiptir reynslan miklu máli og það að kennarar geti sótt ráð til þeirra reynslumeiri. Flest mál eru tekin til umfjöllunar á nemendaverndarráðsfundum í öllum skólunum og þar er ákveðið hvort ástæða sé til að senda þau áfram.

Skólastjórnarnir taka allir fram að mjög mikilvægt sé að gera foreldrum grein fyrir stöðu mála með því að boða þá á fund og láta vita að skólinn sé ekki ánægður með ákveðna hegðun eða ákveðin attriði. Oft bregðast foreldrar við og laga ástandið áður en málið er sent

áfram en stundum þarf að senda þau til barnaverndarnefndar og þá hafa verið gefnar viðvaranir áður en til þess hafi komið. Þegar um mjög alvarleg tilfelli er að ræða, hafa fulltrúar barnaverndanefnda komið í skólann og rætt við börn án vitundar foreldra. Þeir hafa þá verið látnir vita strax að fundi loknum. Skólastjórnendurnir voru allir sammála um að ekki skuli tilkynna til barnaverndarnefndar nema nauðsyn þyki, því skólarnir búi yfir ýmsum úrræðum sem gagnast mörgum. Það kemur skýrt fram að stefna skólanna sé að bregðast við öllum málum og að brýnt sé fyrir kennurum að vera vel vakandi fyrir barnaverndarmálum. Ef mál eru talin það alvarleg og einhver grunur leikur á að ofbeldi eða misnotkun eigi sér stað, þá eru þau strax tilkynnt án þess að vera tekin fyrir á nemendaverndarráðsfundum.

Skólastjórnendurnir gefa til kynna að samstarfið á milli skólanna og barnaverndarnefndar sé gott og mikill trúnaður og þagnarskylda ríki þar á milli. Þeirra helsta gagnrýni er sú að þeir fái ekki nægilega miklar upplýsingar um einstök mál og vilja fá að fylgjast betur með framvindu mála og þá sér í lagi, hvað verði gert eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið við málinu. Guðmundur, einn skólastjóranna, telur of mörg mál hafa farið í gegnum barnaverndarnefnd án þess að það hafi leitt til árangurs og vill sjá ákveðnari og markvissari vinnubrögð og fleiri úrræði. Þetta fær ákveðin hljómgrunn í viðtali við Ástu, starfsmann Barnaverndarstofu, sem segir mál oft bíða hjá nefndunum eða þau ekki tekin fyrir þar sem þau teljast ekki nógu alvarleg. Skólastjórnendurnir telja að of mikið álag sé á starfsmönnum barnaverndarnefnda og fátt starfsfólk, og því bíði mál of lengi eða þau þyki ekki nógu alvarleg til þess að unnið sé úr þeim.

Heimildaskrá

- Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli Stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið: Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Babbie, E. (2001). *Survey Research Method*. Belmont, CA: Wadsworth.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Barnaverndarmál: skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. (2004). Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.
- Barnaverndarstofa. (2000). *Barnavernd á Íslandi*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa (2005). *Ársskýrsla 2004*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa (2006). *Ársskýrsla 2005*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Bellis, M.D.D., Broussard, E.R., Herring, D.J., Wexler, S., Moritz, G. og Benitez, J.G. (2001). Psychiatric co-morbidity in caregivers and children involved in maltreatment: a pilot research study with policy implications [Rafræn útgáfa]. *Child Abuse & Neglect*, 25 (7), 923-944.
- Blumer, H. (1969). *Symbolic Interactionism: Perspective and method*. Berkeley: University Of California Press.
- Bryman, A. (2004). *Social Research methods*. (2.ed.) Oxford: University Press.
- Dagný Kristinsdóttir (2006). *Tilkynningar kennara til Barnaverndarnefnda*. Óbirt B.Ed verkefni frá Kennaraháskóla Íslands.

- Darwish, D., Esquivel, G.B., Houtz, J.C. og Alfonso, V.C. (2001). Play and social skills in maltreated and non-maltreated preschoolers during peer interactions [Rafræn útgáfa]. *Child Abuse & Neglect*, 25 (1), 13-31.
- DePanfilis, D. (2000). What is inadequate supervision? Í H. Dubowitz og D. DePanfilis (Ritstj.), *Handbook for Child Protection Practice*. Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.
- DePanfilis, D. & Zuravin, S. J. (1999). Epidemiology of child maltreatment recurrences. *Social Service Review*, 73(2), 218-239.
- DiLauro, M.D. (2004). Psychosocial factors associated with types of child maltreatment. [Rafræn útgáfa]. *Child Welfare*, 83 (1), 69-100.
- Dubowitz, H. (2000). What is child neglect? Í H. Dubowitz og D. DePanfilis (Ritstjórar), *Handbook for Child Protection Practice*. Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Fjölskylduvefur. Sótt 3. apríl 2006, af <http://www.fjolskylda.is/thjonusta-adstod/barnavernd/>
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum í umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 181-189). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland: an ecological approach*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Gestur Pálsson. (2003, 10. Febrúar). Fleiri tilvik ofbeldis á börnum en tilkynnt er um. *Morgunblaðið*. Sótt 1. Apríl 2006, af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=713503
- Gilligan, Robbie. (1998). *The importance of schools and teachers in child welfare*. Blackwell Science: Child and family Social work, 3, 13-25.

- Gollnick, D.M. og Chinn, P.C. (2002). *Multicultural education in a plurastic society* (6. útg.). New Jersey: Merrill Prentice Hall.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Barnavernd: Kennsluefni*. Kennaraháskóli Íslands.
- Hartley, C.C. (2002). The co-occurrence of child maltreatment and domestic violence: Examining both neglect and child physical abuse. *Child Maltreatment*, 7 (4) 349-358.
- Hildyard, K.L. og Wolfe, D.A. (2002). Child neglect: Developmental issues and outcomes. *Child Abuse & Neglect*. 26 (6-7), 679-695.
- Hrefna Ólafsdóttir. (1994). *Ofbeldi í fjölskyldum: ofbeldi/ vanræksla á börnum innan fjölskyldunnar*. Fjölskyldan uppspretta lífsgilda. Erindi flutt á málþingi í tilefni af Ári fjölskyldunnar og skýrsla um Ári fjölskyldunnar. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th.Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi*. Reykjavík: Miðstöð heilsuverndar barna og Umboðsmaður barna.
- Kay, Janet. (1999). *Protecting Children 2* útg. London og New York: Casselle.
- Kempe, C.H., Silverman, F.H., Steel, B., Drogmueller, W. og Silver, H.R. (1962). The battered child syndrome. *Journal of the American Medical Association*, 181, 17-24.
- Kennarasamband Íslands. *Siðareglur kennara*. Sótt 15. apríl 2005, af <http://www.ki.is>
- Kolko, D.J. (2000). How do I recognize and assess common or important mental health problems in children? Í H. Dubowitz og D. DePanfilis (Ritstj.). *Handbook for Child Protection Practice* (bls. 286-289). Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R. (1999). *Child Maltreatment: An introduction*. Thousand Oaks. Sage Publications, Inc.

- Sedlak, A.J. (1997). Risk factors for the occurrence of child abuse and neglect [Rafræn útgáfa]. *Journal of Aggression, Maltreatment and Trauma, 1* (1), 149-185.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. Þskj. 389-297 nr. 97/1995.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritsjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum (bls. 219-235)*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Taylor, S., og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley & Sons.
- Thelma L. Tómasson og Guðrún Kristjánsdóttir. (1993, 18. febrúar). Ofbeldi á börnum í skjóli friðhelgi einkalífsins. *Pressan*, bls. 11.
- Theodór Friðriksson. (2002). „Misnotkun barna – Tilkynningarskyldan.“ *Curator, 25*, (1), 10-11.
- Wolfe, D.A. (1991). *Preventing physical & emotional abuse of children*. New York: Guilford Press.